


\*\* Ægn forðómum \*\*

AF ÖLLI NJARBA



Mannréttindaskrifstofa Íslands

ÁRSSKÝRSLA  
MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS

2009





Ársskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands 2009

Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent

Kápu mynd: Þórdís Claessen

Umbrot: Elín Sigurðardóttir og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir

© 2010 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b>	2
<b>AÐILDARFÉLÖG OG STJÓRN</b>	3
Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn	3
<b>FJÁRMÁL OG REKSTUR</b>	4
Fjármál	4
Húsnæðismál	4
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Heimasíða og vefsetur um mannréttindi	4
Bókasafnið	4
<b>STARFSEMIN INNLANDS</b>	5
Aðstoð og upplýsingagjöf	5
Umsagnir um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og skýrslur opinberra nefnda	5
Ráðstefnur, viðburðir og herferðir	6
<i>Málþing um löggjöf gegn mismunun</i>	6
<i>21. mars og Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti</i>	8
<i>TAKK-herferðin</i>	9
<i>Fögur fyrirheit, Kvinnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna í 30 ár</i>	10
<i>Dagskrá í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti</i>	10
<i>Vefleiknum Flótta ýtt úr vör</i>	10
<i>Alþjóðadagur flóttamanna 20. júní</i>	11
<i>16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi</i>	12
<i>Átakið Fylgdu hjartanu, sameinumst fjölbreytninni!</i>	12
<i>Mannréttindadagurinn</i>	13
PROGRESS-áætlun Evrópusambandsins	13
Allar heimsins konur	14
Útgefið efni	14
Fjölmíðlar og opinber umræða	17
Mannréttindafræðsla	19
Samráðsfundir með stjórnvöldum	19
Önnur samstarfsverkefni	20
Rannsóknir og skýrslur	21
<b>ERLENT SAMSTARF</b>	25
Human Rights Education Project	25
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	26
Norrænt samstarf	26
Sameinuðu þjóðirnar	27
International Leadership Programme	27
Evrópuráðið	27
Evrópusambandið	27
Future friendly – Third generation human rights – A new generation of citizens	28
NGO-Coalition for Optional Protocol to the ICESCR	28

# INNGANGUR

## framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð á Þingvöllum hinn 17. júní 1994. Að skrifstofunni standa fjórtán aðilar sem allir vinna á einhvern hátt að mannréttindum: Biskupsstofa, Barnaheill, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Hjálparstarf kirkjunnar, Íslandsdeild Amnesty International, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp, Rauði kross Íslands, Samtökin '78, Siðmennt-Félag siðrænna húmanista, UNIFEM á Íslandi og Öryrkjabandalagið.

Skrifstofan hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála nema þau snerti mannréttindi sérstaklega. Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda með því að veita upplýsingar um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir SP og Evrópuráðið. Þá kemur Mannréttindaskrifstofan fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. Samtökum mannréttindastofnana (AHRI), COST-verkefni ESB, *Human Rights Education Project* með Friðarháskóla SP og í norrænu samstarfi.

Meginþættir starfs skrifstofunnar, fyrir utan hefðbundin verkefni á árinu, voru umsjón og framkvæmd ESB-verkefnisins *Equality Now; Promoting Diversity and Equality in Iceland*, málþingið *Löggjöf gegn mismunun á Íslandi*, TAKK-herferð gegn fordómum og *Gegn fordómum af öllu hjarta* herferðin. Þá var vefleiknum *Flóttaytt úr vör við hátíðlega athöfn*. Skrifstofan gaf út óvenju margar bækur á árinu; mikill tími fór í ritstjórn og útgáfu Ragnarsbókar - fræðiritis til heiðurs Ragnari Aðalsteinsyni, lokið var við fimmtu útgáfu *Human Rights Reference Handbook* ásamt áttundu útgáfu *Human Rights Instruments*, en megnið af upplagi þessara bóka var selt til lagadeildar Utrecht-háskóla. Ritið *Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna* kom út og skrifstofan annaðist gerð kynningarrits um Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Að vanda voru veittar umsagnir um lagafrumvörp, fyrirlestrahald var nokkuð og unnin var viðbótarskýrsla fyrir nefnd SP um afnám kynþáttamisréttis. Áfram var unnið að uppbyggingu heimasíðu,

vefseturs og bókasafns. Skipulagning flóttamannadags og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti var nokkuð tímafrek að vanda en viðburðir tókust afar vel og er það ánægjulegt að átakið 21. mars fer nú fram á landsvísu, í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði. Skipulagning 16 daga átaks gegn kynbundu ofbeldi var vandasöm á höfuðborgarsvæðinu þar sem hrun fjármálakerfisins hefur sett strik í reikinginn en átakið tókst afar vel á Akureyri. Sem fyrr, fór mikill tími í umsóknir um styrki, einkum umsókn í PROGRESS-sjóð ESB sem hefur reynst hinum ýmsu mannréttindasamtökum afar mikilvægur. Framlag stjórnvalda á fjárlögum til Mannréttindaskrifstofu skipti sköpum fyrir reksturinn en óskilyrt framlag að upphæð 10 milljónir hefur gert skrifstofunni kleift að efla starf sitt og tryggja móttframlag til stærri verkefna sem fjármögnuð eru af ESB. Þá hefur samstarfssamningur við utanríkisráðuneyti, sem gerður var fyrir tilstilli fyrrum formanns, Brynhildar G. Flóvenz, reynst afar vel en stjórn og starfsmenn þakka henni frábært samstarf og þrotlausa vinnu í þágu skrifstofunnar og mannréttinda undanfarin ár.

Ýmislegt markvert gerðist á árinu er snertir mannréttindi. Mótmæli voru tíð, táragsi var beitt í fyrsta sinn síðan 1949 og ríkisstjórnin féll. Umræða spannst um samspil borgarlegra og stjórnmalalegra réttinda og borgarlegrar óhlýðni og réttindi sakborninga, sett var á fót nefnd um endurskoðun reglna um skipan dómara og Ísland veitti flóttamönnum hæli í fyrsta sinn í fjölda ára. Bann við kaupum á vændi var leitt í lög og samþykkt var að lögfesta Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá er ljóst að hrun bankakerfisins mun hafa áhrif á efnahagsleg og félagsleg réttindi borgaranna um ókomna tíð.

Mannréttindaskrifstofan hefur eflst og dafnað á tímabilinu og má það einkum þakka prýðisstarfsfólki og stjórn. Brýnt er að skrifstofan geti áfram unnið að mannréttindum á sem víðtækustum grunni því öflug mannréttindavernd skiptir sköpum þegar harðnar á dalnum. Að skilnaði vil ég þakka stjórn, starfsfólki og öllum samstarfsaðilum ánægjulega samvinnu og góðar stundir undanfarin 6 ár.

**Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri.**

# AÐILDARFÉLÖG

## og stjórn

### Aðildarfélag og stjórn

Á aðalfundi 2009 voru tilnefningar til stjórnar, endurskoðanda og kjörnefndar samþykktar samhljóða. Halldór Gunnarsson, varafulltrúi Þroskahjálpar var kjörinn formaður, Oddný Mjöll Arnardóttir, aðalfulltrúi Háskólans í Reykjavík, var kjörin varaformaður og Bjarni Jónsson, aðalfulltrúi Siðmenntar, var kjörinn gjaldkeri. Í kjörnefnd sitja nú Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir og Petrína Ásgeirsdóttir. Endurskoðandi er Einar Hafliði Einarsson hjá Deloitte & Touche. Sérfræðingar stjórnar eru sem áður Guðmundur Alfreðsson, Jakob Möller og Hjördís Hákonardóttir. Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn eftir aðalfund voru sem hér segir:

#### Amnesty International Íslandsdeild:

Aðalfulltrúi: Brynhildur G. Flóvenz  
Varafulltrúi: Jóhanna K. Eyjólfsdóttir

#### Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Árni Geir Pálsson  
Varafulltrúi: Petrína Ásgeirsdóttir

#### Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Arnþrúður S. Björnsdóttir  
Varafulltrúi: Toshiki Toma

#### Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Ágúst Þ. Árnason.  
Varafulltrúi: Dögg Káradóttir

#### Háskólinn í Reykjavík:

Aðalfulltrúi: Oddný Mjöll Arnardóttir  
Varafulltrúi: Guðrún Gauksdóttir

#### Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Anna M. Þ. Ólafsdóttir  
Varafulltrúi: Jónas Þórisson

#### Jafnréttisstofa:

Aðalfulltrúi: Hugrún Hjaltadóttir  
Varafulltrúi: Tryggvi Hallgrímsson

#### Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ragnhildur Guðmundsdóttir  
Varafulltrúi: Anna G. Ólafsdóttir

#### Rauði kross Íslands:

Aðalfulltrúi: Sólveig Ólafsdóttir  
Varafulltrúi: Kristján Sturluson

#### Samtökin '78:

Aðalfulltrúi: Hrafnkell Stefánsson  
Varafulltrúi: Hilmar Magnússon

#### Siðmennt - Félag siðrænna húmanista:

Aðalfulltrúi: Bjarni Jónsson  
Varafulltrúi: Hope Knutsson

#### UNIFEM:

Aðalfulltrúi: Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir  
Varafulltrúi: Ragna Sara Jónsdóttir

#### Landssamtökin Þroskahjálpar:

Aðalfulltrúi: Gerður A. Árnadóttir  
Varafulltrúi: Halldór Gunnarsson

#### Öryrkjabandalag Íslands:

Aðalfulltrúi: Halldór Sævar Guðbergsson  
Varafulltrúi: Lilja Þorgeirsdóttir

# FJÁRMÁL og rekstur

## Fjármál

Framlag stjórnvalda var 10 milljónir króna sem veittar voru úr mannréttindasjóði dóms- og kirkjumálaráðuneytis en það er nauðsynlegt að skrifstofan fái óskilyrt framlag frá Alþingi til að geta haldið úti starfsemi sinni. Þá hefur samstarfssamningur við utanríkisráðuneyti verið afar mikilvægur. Mikill akkur var af stuðningi úr PROGRESS-sjóði ESB þar sem sjóðir einkaaðila eru horfnir. Kann skrifstofan ofangreindum aðilum og fjölda annarra stofnana og einstaklinga bestu þakkir fyrir stuðninginn á árinu.

## Húsnæðismál

Mannréttindaskrifstofan hefur aðsetur í Hafnarstræti 20. Þar sem áformum um að rífa húsið hefur verið frestað mun skrifstofan hafa aðsetur þar um sinn þótt húsnæðið sé ekki sérlega hentugt. Reynt hefur verið að semja við eigendur hússins um hagstæðari leigu og endurbætur en það hefur reynst erfitt vegna breytinga á eignarhaldi og tíðra skipta á umsjónar- aðilum.

## Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastjóri var Guðrún D. Guðmundsdóttir. Auður Birna Stefánsdóttir stjórn málafræðingur starfaði á skrifstofunni fram á haustmánuði, Erna Sif Jónsdóttir MA, Kolbrún Birna Árdal MSc, Neil Kelleher og Steinunn Pieper unnu hlutastörf á árinu. Þá veitti Brendan Hough laganemi skrifstofunni starfskrafta sína endurgjaldslaust í 6 mánuði. Um bókhald skrifstofunnar sér Kolbrún Sigríður Hilmarsdóttir, bókari. Þakkar framkvæmdstjóri og stjórnin starfsfólki einstaklega vel unnin störf á árinu og ánægjulegt samstarf. Að vanda barst fjöldi innlendra og erlendra starfsumsóknna og fyrirspurna um möguleika á starfsþjálfun.

## Bókasafnið

Frá stofnun Mannréttindaskrifstofunnar hefur verið unnið að uppbyggingu sérhæfðs bókasafns með fræðibókum, kennslu-

efni og tímaritum um mannréttindamál. Ekkert slíkt bókasafn er til á Íslandi en mikið er leitað til skrifstofunnar af sérfræðingum, nemum, kennurum og almenningi. Á tímabilinu hefur nokkur fjöldi rita bæst í safnið en einnig er skrifstofan áskrifandi að *Human Rights Quarterly* og greinasöfnunum *Hein-on-Line* og *Questia*. Frá árinu 2007 hefur verið unnið að skráningu efnis bókasafnsins í Landskerfi bókasafna og er því hægt að nálgast upplýsingar um safnkost skrifstofunnar í Gegni, gagnagrunni landskerfisins. Fjöldi nema frá Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands fékk lánaðar bækur á árinu en einnig hefur starfsfólk aðstoðað við heimildaleit, og í sumum tilvikum við efnistösk B.A.- og meistaraaritgerða.

## Heimasíða og vefsetur um mannréttindi

Til að auðvelda aðgengi að upplýsingum um mannréttindamál hefur um nokkurt skeið verið unnið að endurbótum á heimasíðu skrifstofunnar og söfnun gagna í umfangsmikinn gagnvirkann gagnagrunn um mannréttindamál á Íslandi og erlendis. Glæsileg heimasíða skrifstofunnar er sífellt að stækka í sniðum en þar er að finna vefsetur um mannréttindi sem inniheldur m.a.: a) greinar um ýmsa þætti mannréttinda, b) greinar um ákveðna hópa og réttindi þeirra s.s. konur, börn, hælisleitendur og samkynhneigða, c) skýrslur nefnda ráðuneyta og þings, d) innlend lög og helstu alþjóðsamninga, e) efni frá Sameinuðu þjóðunum, f) dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla o.fl. Þá er að finna á síðunni efni úr alþjóðlega rannsóknarverkefninu *Human Rights Education Project* auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi. Enn er unnið að vefsetri um mannréttindi, *Mannréttindi og Ísland*, sem styrkt var af Reykjavíkurdæild Rauða krossins en það er komið vel á veg.

Á heimasíðunni er einnig að finna upplýsingasíður skrifstofunnar um *16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi, Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti*, Progress-verkefni ársins, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Kvennasáttmálann, vefleikinn *Flóttá* og *Takk*-herferðina.



# STARFSEMIN

## innanlands

### Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum og stofnunum um upplýsingar um mannréttindamál. Starfsfólk hefur aðstoðað eftir föngum en æskilegast væri að ráða lögfræðing í fullt starf til að leiðbeina fólki sem leitar upplýsinga um rétt sinn.

### Umsagnir um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og skýrslur opinberra nefnda

Á tímabilinu hefur talsverð vinna verið lögð í umsagnir um lagafrumvörp enda hafa mörg frumvörp verið lögð fram þar sem mannréttindareglur koma til álita. Því miður kemur það fyrir að fjöldi frumvarpa berst á sama tíma, með stuttum umsagnarfresti, svo ekki gefst nægur tími til að gera ítarlegar umsagnir. Fulltrúar skrifstofunnar sátu fundi með fjölda þingnefnda til að fjalla um hin ýmsu mannréttindamál. Þá veitir skrifstofan einnig umsagnir um skýrslur opinberra nefnda þegar það á við. Á árinu voru helstar eftirfarandi umsagnir:

- Umsögn um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningþvætti), 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 16 - 16. mál.

- Athugasemdir Mannréttindaskrifstofu Íslands vegna skýrslu nefndar um meðferð hælisumsókna.
- Umsögn um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/12. febrúar 1940, með síðari breytingum (kynferðisbrot) 138. löggj.þ. 2009-2010, þskj. 45-45. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara), 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 698 - 390. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (heimild til upptöku ólögmeats ávinnings), 138. löggjafarþing 2009-2010, 547. mál.
- Greinargerð um mismunun í lögum um tæknifrjónungun.

Umsagnirnar hafa ekki verið sendar fjölmiðlum eins og mörg önnur samtök hafa gert í vaxandi mæli en þetta mætti endurskoða þegar um veigamiklar umsagnir er að ræða.

### Upplýsingagjöf til sendiráða

Að vanda leituðu mannréttindafulltrúar ýmissa erlendra sendiráða eftir upplýsingum hjá skrifstofunni, helst eru það bandaríska, franska, sænska og breska sendiráðið sem eru í sambandi við skrifstofuna.



Mannréttindaskrifstofan gerði umsagnir um fjölda lagafrumvarpa á árinu og átti fundi með þingnefndum til þess að fylgja umsögnunum eftir.

## Ráðstefnur, viðburðir og herferðir

Mannréttindaskrifstofan stóð á árinu fyrir fjölda viðburða af ýmsum toga og þremur viðamiklum herferðum.

### Málþing um löggjöf gegn mismunun

Þann 30. janúar stóðu Mannréttindaskrifstofa Íslands og félags- og tryggingamálaráðuneytið fyrir málþingi um löggjöf gegn mismunun. Málþingið var styrkt af Progress-áætlun ESB og var skipulagt í samvinnu við Fjölmenningarsetur, Samtökin '78, Öryrkjabandalagið, Landssamtökin Þroskahjálp, Samráðsvettvang trúfélaga, Kvenréttindafélag Íslands og Alþjóðahús.

Tilgangur málþingsins var að styðja við vinnu hins opinbera við þróun skilvirkrar og yfirgripsmikillar lagasetningar gegn mismunun, sem leggur bann við mismunun á grundvelli fötlunar, kynþáttar og etnísks uppruna, aldurs, trúar og kynhneigðar, á hvarvetna í lífi fólks. Á málþinginu var núverandi ástand rætt, þá sérstaklega í tengslum við annars vegar tilskipun ESB um jafna meðhöndlun án tillits til kynþáttar eða uppruna (2000/43/ESB) og hins vegar tilskipun ESB um jafnræði í atvinnulífi og starfi (2000/78/ESB), með áherslu á fjölbætta mismunun. Markmiðið með málþinginu var að koma af stað umræðu meðal þeirra aðila sem vinna gegn mismunun og leggja þannig lóð á vogarskálarnar í þróun jafnréttislöggjafar sem stendur fyrir dyrum, meðal annars í tengslum við innleiðingu ofangreindra tilskipana.

Oddný Mjöll Arnardóttir, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík, hélt fyrstu framsögu þingsins. Hún benti á að þegar komið væri út fyrir svið jafnréttis á grundvelli kynferðis væri íslensk löggjöf afar brotkennd og ófullkomin. Að hennar mati


er mörgu ábótavant í réttarvernd þegar kemur að mismunun miðað við það sem kveðið er á um í Evrópurétti og í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við. Hún telur því tímabært að endurskoða almenn jafnréttislög og auka réttarverndina til samræmis við Evrópurétt. Markmið lagasetningar ætti að vera að bæta hag hópa sem eru í jaðarstöðu í samfélaginu. Telur hún að löggjöf gegn mismunun virki ekki sem skyldi nema að innleidd séu skilvirk eftirlitskerfi, t.d. stjórnslustofnun sambærileg Jafnréttisstofu. Það þurfi einnig að tryggja aðgang að dómstólum eða koma á fót stjórnslulegri kæruleið sem eykur möguleika borgaranna á því að leita réttar síns, en slík sé staðan ekki í dag. Hérlandis þurfi að koma á nefnd, sambærilegri kærufnd jafnréttismála, fyrir allar mismununarástæður. Oddný telur að einnig þurfi að útfæra virk og raunhæf viðurlög við brotum. Mikilvægt væri að hver minnihlutahópur fengi sérákvæði en þau gætu hins vegar öll rúmast innan einnar heildarlöggjafar og verið í umsjón einnar stofnunar eða eftirlitsaðila.

Helgi Hjörvar tók næst til máls en hann var formaður starfshóps á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis sem hafði það verkefni að skoða tilskipanir ESB um bann við mismunun. Helgi benti á að mikilvægt væri að sátt og samstaða ríkti um innleiðingu en atvinnurekendur hafi m.a. talið of miklar kvaðir settar á þá með tilskipununum. Helgi sagði aðalatriði að innleiða réttindi í löggjöfina en eðlilegt væri að í upphafi væri horft til leiðbeiningarskyldu og réttindin þannig innleidd á jákvæðan hátt. Helgi sagði frá því að starfshópurinn hefði lagt til að samið yrði frumvarp til laga til að taka á efnisþáttum tilskipunar ESB frá árinu 2000.



Málþingið var afar vel sótt en um 100 manns tóku þátt, þ. á m. fulltrúar ráðuneyta, þings, félagsamtaka, háskólasamfélagsins, sveitarfélaga, launþegahreyfingarinnar, atvinnurekenda og almennings.

Anna Teódóra Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá umboðsmanni Svía gegn mismunun sagði frá því að embættinu bærust 1500-2000 kærur á ári hverju. Hún sagði íslenska umræðu um löggjöf gegn mismunun 15 árum á eftir umræðunni í Svíþjóð.



Starfshópurinn lagði til að undir Jafnréttisstofu heyrir starfsmaður sem sinnir því hlutverki að veita þeim, sem telja sig hafa orðið fyrir mismunun á grundvelli t.d. trúar, kynþáttar, fötlunar, kynhneigðar eða aldurs, aðstoð við að fylgja eftir kærur um mismunun, þar sem mikil fagleg þekking sé þar, en ekkert mælti á móti því að seinna meir yrði þetta að einni stofnun og einum heildstæðum lögum.

Anna T. Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá umboðsmanni Svía gegn mismunun, flutti þriðju framsöguna. Að hennar mati er íslensk umræða um löggjöf gegn mismunun 15 árum á eftir umræðunni í Svíþjóð. Í máli hennar kom fram að á síðustu árum hefði verið komið á umboðsmannaembættum í Svíþjóð á sviði kynjajafnréttis, gegn mismunun vegna kynþáttar, kynhneigðar og fötlunar en í upphafi 2009 hafi verið stofnað embætti eins umboðsmanns sem næði til allrar mismununar. Þá bættust einnig við tveir hópar, þ.e. mismunun vegna aldurs og vegna kyngervis.

Anna sagði frá því að aðilar vinnumarkaðarins hafi ekki verið fylgjandi lögum um bann við mismunun byggðri á kynþætti og uppruna en það hafi verið að mestu leyti vegna aðildar að ESB og þrýstings erlendis frá, til að mynda frá alþjóðavinnumálastofnuninni og CERD, sem lög voru sett sem bönnuðu mismunun á þeim grundvelli. Anna viðurkenndi að vissir hópar hefðu haft áhyggjur af því að með því að sameina alla flokkana undir eina stofnun, myndu einstakir málaflokkar verða ráðandi. Kostirnir við eina stofnun væru hins vegar þeir að þekkingunni væri þá safnað saman á einn stað og því auðveldara að skoða mál út frá fjölbættri mismunun auk þess sem auðveldara væri fyrir fólk að vita hvert það ætti að leita. Í máli hennar kom einnig fram að ætla megi að embættinu berist 1500-2000 kærur á ári hverju og um 15-20% allra

kærumála enduðu fyrir dómstólum, flestum lyktaði þó með sáttum.

Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands, flutti síðustu framsögu málþingsins. Hann sagði aðild Íslands að alþjóðlegu og fjölþjóðlegu samstarfi hafa leitt til þess að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar hefðu tekið hægfara breytingum í þá átt að tryggja félagsleg og borgaraleg mannréttindi. Magnús fjallaði einnig um tilskipanir Evrópusambandsins frá árinu 2000 um bann við mismunun. Sagði hann frá því mati íslenskra stjórnvalda að Ísland fullnægði þegar þeim skyldum sem tilskipanirnar kváðu á um þegar þær voru samþykktar árið 2000 og þær væru í raun ekki taldar varða EES-samninginn. Norðmenn vildu hinsvegar innleiða tilskipanirnar en Íslendingar ekki. Fór svo að tilskipun ESB um bann við mismunun á vinnumarkaði varð ekki hluti af EES-samningnum. Afstaða ASÍ sé sú að innleiða hefði átt tilskipunina strax í upphafi og þá helst vegna þess að öll lönd sem Ísland ber sig saman við hefðu sett eða hygðust setja löggjöf um þetta efni byggða á tilskipunum ESB.

Að framsögum loknum tóku fyrirlesararnir þátt í pallborðsumræðum ásamt Halldóri Sævari Guðbergssyni, formanni ÖBÍ, Katrínu Jónsdóttur, fræðslufulltrúa Samtakanna '78, Margréti Margeirsdóttur, formanni félags eldri borgara, Margréti Steinarsdóttur, framkvæmdastjóra Alþjóðahúss, og Toshiki Toma, þjóðkirkjuprest. Pallborðsumræðurnar voru líflugar og mikill áhugi á málefnum.

Málþingið var í alla staði afar vel heppnað en um 100 manns sóttu þingið, þ.á.m. fulltrúar félagasamtaka, stjórnvalda og háskóla. Þá fékk málþingið ágætis umfjöllun í fjölmiðlum, m.a. hjá Ríkisútvarpinu.



Hluti hópsins í Smáralind. Ungt fólk kom saman í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði í tilefni af alþjóðadegi gegn kynþáttamisrétti. Krakkarnir unnu gegn fordómum með því að spjalla við gesti og gangandi um kynþáttafordóma, dreifa fræðsluefni, barmmerkjum, póstkortum og sælgæti. Krakkarnir máluðu sig í framan í mismunandi litum og klæddust bolum sem hannaðir voru af Þórdísi Claessen. Bolurinn bar yfirskriftina Gegn fordómum af öllu hjarta!

## 21. mars og Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Mannréttindaskrifstofan hafði að vanda umsjón með skipulagningu Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti og viðburðum í tilefni af 21. mars, alþjóðadegi gegn kynþáttamisrétti. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna valdi þennan dag í minningu 69 mótmælenda sem myrtir voru 21. mars 1960 er þeir tóku þátt í mótmælum gegn aðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku. Í tengslum við 21. mars fer fram Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti en þá koma þúsundir manna saman til að kveða niður kynþáttafordóma og misrétti í álfunni.

Birtingarmyndir kynþáttamisréttis eru ólíkar eftir löndum og menningarsvæðum en kynþáttamisrétti nær yfir vítt svið - allt frá fordómum til ofbeldisverka. Kynþáttamisrétti á Íslandi felst helst í útlendingafælni og duldu fordómum gagnvart fólki af erlendum uppruna en hefur í fáum tilfellum einnig brotist út í ofbeldi. Fordómar birtast einkum í hversdagslífinu - þegar talað er niður til þeirra sem ekki eru skilgreindir sem „hreinir“ Íslendingar og fólk fær lakari þjónstu og atvinnu. Á árinu voru málefni innflytjenda ofarlega á baugi í tengslum við versnandi atvinnuástand og það er áhyggjuefni hversu bar á fordómum og útlendingafælni í umræðunni.

Til að vinna gegn misrétti og fordómum í garð fólks af erlendum uppruna á Íslandi tóku Mannréttindaskrifstofa Íslands, Þjóðkirkjan, Rauði krossinn, Soka Gakkai Íslandi, Fjölmenningarsetur, Rætur og KFUM og KFUK þátt í Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti með ýmsum hætti en helst voru viðburðir í tilefni af 21. mars í Smáralind, á Glerártorgi og í Neistanum, Ísafirði.

Í Reykjavík var vikunni fagnað í Smáralind þar sem ungt fólk kom saman til að vinna gegn fordómum með því að spjalla við gesti og gangandi um kynþáttafordóma, dreifa fræðsluefni, barmmerkjum, póstkortum og sælgæti. Krakkarnir máluðu sig í framan í mismunandi litum til að vekja fólk til umhugsunar um að við erum öll eins inn við beinið; litaraft og útlit á ekki að skipta máli. Krakkarnir klæddust bolum sem hannaðir voru af Þórdísi Claessen með slagorðinu *Gegn fordómum af öllu hjarta!*. Þá var póstkortum og veggspjöldum úr herferðinni *Fylgjum hjartanu, sameinumst í fjölbreytninni* dreift, en herferðin var styrkt af PROGRESS-sjóði ESB.

Nemendur úr Menntaskólanum í Kópavogi skemmtu krökkunum og gestum Smáralindar með söng úr söngleiknum „Skítt með það“ við góðar undirtektir. Eftir það var boðið upp á Break sýningu en í kjölfarið fengu krakkarnir og gestir og gangandi að spreyta sig á nokkrum sporum. Farið var í fjölmenningsartwister og fordómum hent í ruslið. Fluttur var áhugaverður gjörningur um jarðarsáttmálann en dagskrá lauk síðan með flutningi laga úr rokksöngleiknum *Hero*.

Viðburðirnir voru afar vel heppnaðir um land allt. Ungmennin stóðu sig með mikilli prýði og skemmtu sér konunglega en Mannréttindaskrifstofan kann þeim og samstarfsaðilunum bestu þakkir fyrir ánægjulega samvinnu. Sérstaklega ber að þakka Toshiki Toma, þjóðkirkjuprest, fyrir mikið starf í tengslum við Evrópuvikuna. Þá fá Smáralind, Leturprent, Brosbolir og Þórdís Claessen bestu þakkir fyrir stuðninginn.

### TAKK-herferðin

Mannréttindaskrifstofan vinnur að ýmsum verkefnum er snerta málefni fólks af erlendum uppruna, s.s. er varða flóttamannamál, útlendingalöggjöf, ofbeldi gegn konum, mansal, atvinnuréttindi o.fl. en í þessu starfi hafa komið fram vísbendingar um að æskilegt væri að stuðla að jákvæðari umræðu um málefni fólks af erlendum uppruna. Einna mest verður vart við fordóma gagnvart fólki af erlendu bergi brotnu í daglegu tali þegar öllum íbúum landsins er skipt niður í tvo hópa, þ.e. Íslendinga og nýbúa. Þá er gengið út frá því að sá munur sé afgerandi í öllum samskiptum fólks. Þessi aðgreining kemur oft fram í fjölmiðlum þegar notuð eru orð eins og „börn nýbúa“ eða „konur frá Asíu“. Sígilt dæmi um þetta er orðið „aðkomumaður“ sem jafnvel er notað um Reykvíkings sem heimsækja Hafnarfjörð. Þegar við skiptum öllum landsmönnum í einungis tvo hópa „nýbúa/innflytjendur“ og „Íslendinga“ gerum við ráð fyrir að andstæðurnar „við og hinir“ skipti höfuðmáli. Um leið er gengið út frá því að allir „nýbúar“ eða „innflytjendur“ séu eins og hægt að aðgreina þá algjörlega frá öðrum íbúum landsins. Í umræðu um þjóðfélagsmál verða stundum til nýir fordómar um „hina“ og gömlum fordómum er viðhaldið. Neikvæð umræða um minnihlutahópa, t.d. í fjölmiðlum, leiðir til þess að fordómar aukast. Auðvelt getur verið að halda á lofti fordómum gagnvart minnihlutahópum vegna þess að fæstir þekja þessa hópa af eigin raun. Við látum ef til vill of oft hjá líða að grípa til andsvara þegar fordómum er haldið á lofti.

Undanfarið, í tengslum við efnahagsþrengingar og aukið atvinnuleysi, hefur nokkuð borið á fordómum gagnvart innflytjendum í tengslum við vinnumarkaðinn. Af þessum sökum ákvað Mannréttindaskrifstofan að sækja um til AUGA-sjóðsins til þess að leggja í umfangsmikla herferð sem hefði það að markmiði að uppræta fordóma og þröngsýni gagnvart

fólki af erlendum uppruna á Íslandi og stuðla að samfélagi þar sem allir eiga jöfn tækifæri óháð útliti og uppruna. AUGA er góðgerðarsjóður auglýsingaiðnaðarins sem er ætlað að gera samtökum sem sinna samfélagsstarfi kleift að ná betri árangri í starfi sínu með því að beita afli auglýsinga.

Í tengslum við Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti í mars var Takk-herferðinni svo ýtt úr vör. Markmiðið var að vekja fólk til umhugsunar um jákvæð áhrif fjölmennings á íslenskt samfélag. Herferðin fólst í því að þakka innflytjendum opinberlega fyrir að auðga mannlíf og menningu landsins og að taka þátt í að byggja hér upp fjölbreytt og öflugt samfélag. Birtar voru auglýsingar á arabísku, rússnesku, pólsku, litháísku, spænsku, ensku, filippseysku og kínversku með eftirfarandi texta:

*Takk fyrir að setjast að á Íslandi og leggja þitt af mörkum til að byggja hér betra og öflugra samfélag. Takk fyrir að flytja með þér ferska menningarstrauma sem auðga mannlíf og menningu landsins. Takk fyrir að auka við fjölbreytni og færni á sviði viðskipta, matargerðar, hönnunar, tónlistar, dans og verkmenningar svo aðeins nokkur dæmi séu tekin! Vonandi líður þér vel hér á Íslandi – og vonandi nýtur þú þess öryggis og jafnréttis sem við öll viljum að íslenskt samfélag standi fyrir. Kærar þakkir!*

Auglýsingaherferðin stóð í tvær vikur í sjónvarpi, blöðum og tímaritum, strætóskýlum og á netinu. Herferðin var unnin á vegum AUGA-sjóðsins og Mannréttindaskrifstofu, í sjálfböðavinnu af auglýsingastofum innan Sambands íslenskra auglýsingastofa. Árvakur, Fréttablaðið, Afa JCDecaux, Sjónvarpið, Stöð 2, Skjár einn, Mbl.is og Vísir.is birtu herferðina og Capacent vann rannsóknavinnu tengda áttakinu.

Herferðin vakti mikla athygli en fjöldi fólks hafði samband við skrifstofuna til að lýsa ánægju sinni með framtakið. Sjónvarpsauglýsinguna má sjá á heimasíðu skrifstofunnar.



## Fögur fyrirheit, Kvennasáttmáli SP í 30 ár

Í tilefni af 30 ára afmæli kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna stóð Mannréttindaskrifstofan, í samstarfi við RIKK, UNIFEM, Stígamót, Jafnréttisstofu, Femínistafélag Íslands, Kvennaathvarf, Jafnréttisráð og Kvenréttindafélag Íslands að málþingi um samninginn. Málþingið var haldið í Gyllta salnum á Hótel Borg þann 27. mars. Gréta Gunnarsdóttir, sviðsstjóri alþjóða- og öryggissviðs utanríkisráðuneytisins stýrði fundi. Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, hélt fyrirlesturinn *Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna: Sátt um samfélagbreytingar*. Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fjallaði um *Skuggaskýrslur og aðhaldshlutverk frjálsra félagasamtaka*. Rachael Lorne Johnstone, lektor í lögfræði við Háskólann á Akureyri, hélt fyrirlesturinn *Going private: State responsibility for domestic violence under the CEDAW*. Að lokum sýndi Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, skemmtilega myndasýningu sem bar heitið *Hvers vegna þarf kvennasáttmála?* þar sem ákvæði sáttmálans voru tengd myndum af konum víðsvegar um heiminn.

Að fyrirlesturum loknum var tóm til spurninga og umræðna. Málþingið var opið öllum og var ánægjulegt hversu vel sótt það var af almenningi og fulltrúum stjórnvalda og félagasamtaka.

## Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti

Mannréttindaskrifstofan hefur undanfarin ár tekið þátt í skipulagningu hátíðarfundar í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti sem Menningar og friðarsamtök íslenskra kvenna, MFÍK, stýra. Haldinn var opinn fundur fimmtudaginn 8. mars 2008 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur þar sem fram kom fjöldi fyrirlesara og listafólks. Viðburðurinn var vel sóttur og vel heppnaður í alla staði.



Pallborðsumræður, frá vinstri: Rachael Lorna Johnstone, Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu, Kristín Ástgeirsdóttir, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir og Gréta Gunnarsdóttir, sviðsstjóri utanríkisráðuneyti.

## Vefleiknum Flóttaytt úr vör

Þann 20. maí var vefleiknum Flóttaytt af stokkunum við hátíðlega athöfn í Vogaskóla. Leikurinn, sem á frummálinu heitir „Against all Odds“, var unninn af Flóttmannastofnun Sameinuðu þjóðanna til að auka vitund ungs fólks á reynslu flóttafólks og mannréttindum almennt. Leikurinn hefur nú verið þýddur og staðfærður í níu löndum en íslenska útgáfan sem Mannréttindaskrifstofa Íslands og Rauði kross Íslands unnu í samstarfi við Flóttamannastofnunina er sú tíunda í röðinni. Útgáfa leiksins var styrkt af Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rauða krossi Íslands, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, félagsmálaráðuneyti, Nefnd um flóttafólk, Barnavinavinafélaginu Sumargjöf, Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar og Menningarsjóði Glitnis. Námsgagnastofnun, Mannréttindaskrifstofa og Rauði krossinn munu annast kynningu leiksins.

Vonast er til að leikurinn auki skilning á vanda flóttafólks og stuðli þannig að auknu umburðarlyndi, fjölmenningu og mannréttindavitund í íslensku samfélagi. Guðrún Ögmundsdóttir, formaður nefndar um flóttafólk, og Hanne Mathiesen, yfirmaður hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, fluttu stutt ávörp fyrir gesti en eftir það spiluðu nemendur í 9. bekk Vogaskóla leikinn í fyrsta skipti. Opnun leiksins gekk með eindæmum vel og þakkar Mannréttindaskrifstofan nemendum og starfsfólki Vogaskóla kærlega fyrir ánægjulegt samstarf.

Um allan heim, í öllum löndum fyrirfinnast flóttamenn og daglega lesum við í fjölmiðlum um erfiðar aðstæður þeirra. Móttaka og aðlögun flóttamanna í Evrópu eru einhver mikilvægustu stjórnmalalegu og siðferðilegu álitamál samfélagsins. Fólk neyðist til að leggja á flótta þegar mannréttindum þess er ógnað eða þau brotin. Enginn kys sjálfviljugur að leggja á flótta; flóttamenn verða til vegna þess að stjórnvöld hafa ekki burði eða vilja til að vernda borgara sína.



Guðrún Ögmundsdóttir, formaður nefndar um flóttafólk, og nemendur Vogaskóla ýta vefleiknum *Flóttaytt úr vör*.

Magadansmær leikur listir sýnar fyrir bergnumda gesti og gangandi á alþjóðadegi flóttamanna.



Vefleikurinn *Flótti* er þrjúþættur: Í fyrsta lagi tölvuleikur þar sem þátttakendur setja sig í spor flóttamanna. Í öðru lagi fylgir leiknum upplýsingavefur þar sem hægt er að nálgast fræðsluefni um mannréttindi og flóttafólk í formi greina, viðtala og kvikmynda og í þriðja lagi fylgir leiknum kennarahandbók þar sem finna má dæmi um einföld og skemmtileg verkefni og umræðuefni sem nýtast kennurum við kennslu í tengslum við leikinn. Leikurinn nýtist þannig sem ítarlegt mannréttinda- og fjölmeningarkennsluefni, einkum fyrir nemendur á aldrinum 13-16 ára.

Í leiknum neyðist leikmaðurinn að flýja heimaland sitt í snarhasti vegna ofsókna stjórnvalda, hann fær aðeins að taka með sér þær eigur sem komast í lítinn bakpoka og þarf að yfirgefa vini og fjölskyldu. Þátttakendur kynnast þeim erfiðleikum sem flóttamenn standa frammi fyrir á flóttanum sjálfum og þegar þeir reyna að aðlagast nýrri menningu, s.s. tungumálaörðugleikum, atvinnuleit, því að reyna að eignast vini í nýjum skóla ásamt því að kljást við fordóma og þekkingarleysi.

Leikinn er að finna á [www.flotti.org](http://www.flotti.org).

### Alþjóðadagur flóttamanna 20. júní

Mannréttindaskrifstofan hefur undanfarin ár skipulagt dagskrá í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna, 20. júní, í samstarfi við Rauða kross Íslands. Árið 2009 var ákveðið að standa að jákvæðum menningarviðburði og því stóðu Mannréttindaskrifstofa Íslands og Rauði kross Íslands í samstarfi við Kaffitár og Start Art fyrir opnu húsi í Start Art listahúsi á Laugavegi. Málefni og menning flóttamanna og hælisleitenda var kynnt og boðið var upp á kaffi og veitingar frá þeim löndum sem flestir hælisleitendur á Íslandi koma frá. Framkvæmdastjóri

eldaði mat frá öllum heimshornum og Kaffitár gaf kaffið. Boðið var upp á skemmtiatriði frá ýmsum löndum s.s. afró-dans og magadans auk þess sem Juan frá Kúbu söng fyrir gesti. Nýtt myndband með Angelinu Jolie velgjörðarsendiherra Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna var frumsýnt og vefleikurinn *Flótti* var kynntur. Viðburðurinn var velheppnaður og margir komu við í kaffisopa og spjall, nutu veitinganna og fengu um leið fræðslu um málefni flóttamanna.

Á alþjóðadegi flóttamanna er vakin athygli á stöðu flóttafólks og allra þeirra sem neyðast til að leggja á flótta. Um 42 milljónir manna eru á vergangi vegna átaka, ofbeldis eða annarra orsaka. Af þeim eru tæplega 12 milljónir flóttamenn utan heimalands síns en um 26 milljónir eru á vergangi innan eigin landamæra. Mikill meirihluti þessa fólks leitar ásjár í nágrennaríkjum sem oftast nær eru mjög fátæk. Árin 1956-2009 buðu íslensk stjórnvöld 512 flóttamönnum vernd hér á landi í samvinnu við Flóttamannastofnun, Rauða kross Íslands og sveitarfélög í landinu. Stærsti hópurinn kom frá Ung-verjalandi árið 1956, 52 einstaklingar, en flestir hafa komið frá löndum fyrrum Júgóslavíu, 32 árið 1959 en alls 277 á árabílinu 1996-2008. Á árunum 1979, 1990 og 1991 komu alls 94 manns frá Víetnam. Árið 1982 komu 26 frá Póllandi og árið 2005 komu 24 konur og börn frá Kólumbíu og sjö manna fjölskylda frá Kosovó. Árið 2008 tók Ísland á móti átta palestínskum flóttakönungum og 21 barni.

Fólki hættir til að líta á flóttafólk aðeins sem fórnarlömb og það gleymist að flóttafólk tekur virkan þátt í að byggja hér betra samfélag og hefur auðgað íslenska menningu og mannlíf. Viðburðinum var ætlað að vekja athygli á jákvæðum áhrifum flóttafólks á Íslandi.

### Átakið *Fylgdu hjartanu, sameinumst í fjölbreytninni!*

Markmið átaksins, sem skipulagt var af Mannréttindaskrifstofu og styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála og PROGRESS-sjóði ESB, var að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi fjölbreytni fyrir íslenskt samfélag og þá staðreynd að þótt fólk sé ólíkt á yfirborðinu þá erum við öll eins inn við beinið. Átakinu var þannig ætlað að hvetja fólk til að líta í eigin barm og kveða niður fordóma sína og stuðla þannig að samfélagi þar sem allir íbúar njóta virðingar og jafnra tækifæra. Mynd átaksins var hjarta en átakið samanstóð af vitundarvakningarviðburðum, birtingu veggspjalda, barmmerkjum og bolum, greinaskrifum, o.fl. Merki átaksins var verðlaunamynd ítalska ljósmyndarans Andrea Delta, mynd af níu hjörtum. Á hjörtunum eru merkimiðar sem á stendur: karl, öryrki, innflytjandi, lesbía, múslimi, kona, eldri borgari, svartur, kristinn.

Veggspjöld voru birt í götugluggum víðsvegar um Reykjavík og Akureyri auk þess sem minni veggspjöldum og póstkortum með myndinni var dreift um allt land. Sérstakur blaðamannafundur var haldinn í Þjóðmenningarhúsinu þar sem niðurstöður viðhorfskönnunar um mismunur á Íslandi (sjá nánar hér að neðan) voru einnig kynntar. Fjallað var um átakið í útvarpsþáttunum Speglinum og Vít og breitt og í Fréttablaðinu.

### 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Líkt og undanfarin ár hafði skrifstofan aðalumsjón með skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi en árið 2009 var 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi ýtt úr vör í 19. sinn. Átakið hefst ár hvert þann 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, og stendur til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags. Þessar dagsetningar voru valdar þar sem þær tengja á táknaðan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi en átakið hefur frá árinu

1991 unnið markvisst að því að draga kynbundið ofbeldi fram í dagsljósið sem mannréttindabrot. Hópar og samtök um allan heim krefjast aðstoðar og stuðnings til handa fórnarlömbum ofbeldis, til að styrkja forvarnastarf og þrýsta á um breytingar á löggjöf til að bæta réttarstöðu þolenda. Þá hefur átakið verið nýtt til að stuðla að því að alþjóðlegum mannréttindareglum sé beitt til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi sem mannréttindabroti, heilbrigðisvandamáli og ógn við mannfrelsi og frið um allan heim.

Átakið 2009 bar yfirskriftina *Leggðu þitt af mörkum – Farðu fram á aðgerðir: Saman getum við bundið enda á ofbeldi gegn konum!* Á Íslandi komu á fjórða tug aðila og samtaka sem láta sig málefnið varða að margvíslegum viðburðum í því augnamiði að vekja athygli almennings á orsökum og afleiðingum kynbundins ofbeldis. Auk Mannréttindaskrifstofunnar tóku eftirfarandi aðilar þátt í átakinu: Aflið, Alnæmisbörn, Alnæmissamtökin á Íslandi, Alþjóðahús, Amnesty International á Íslandi, Barnaheill, Blátt áfram, Bríet - félag ungra femínista, Femínistafélag Íslands, félagsmálaráðuneyti, Forma, Háskólinn á Akureyri, Jafnréttisstofa, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennahreyfing Öryrkjabandalags Íslands, Kvinnaráðgjöfin, Kvinnasögusafnið, Kvenréttindafélag Íslands, Lögreglan í Reykjavík, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Prestur innflytjenda, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Rauði kross Íslands, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Samtök um kvennaathvarf, Soroptimistasamband Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Stígamót, UNICEF á Íslandi, UNIFEM á Íslandi, Zonta á Íslandi og Þjóðkirkjan.

Átakinu var formlega ýtt úr vör með Ljósagöngu sem Mannréttindaskrifstofan og UNIFEM á Íslandi skipulögðu. Göngunni var ælað að vekja athygli á ofbeldi gegn konum og hvetja til aðgerða. Magnea Marínósdóttir, varaformaður UNIFEM á Íslandi og framkvæmdastjóri Mannréttindaskrif-



Hjartabolir sem Þórdís Claessen hannaði fyrir átakið ásamt veggspjalda/póstkorti sem dreift var um allt land.





Forsætisráðherra  
Jóhanna Sigurðar-  
dóttir leiðir ljósa-  
gönguna við upp-  
haf 16 daga átaks  
2009.

stofu, ávörpuðu göngufólk og lásu jafnframt orðsendingu frá Yoko Ono. Í tilefni dagsins var ljós Friðarsúlunnar tileinkað voninni um heim án ofbeldis. Friðarsúlan er verk Yoko Ono, og tók hún þátt í áttakinu að þessu sinni með því að tileinka ljós Friðarsúlunnar alþjóðadegi um afnám ofbeldis gegn konum. Þetta er í fyrsta sinn ljós friðarsúlunnar er tileinkað sérstöku málefni. Gengið var frá Þjóðmenningarhúsi og niður að Sólfarinu þar sem slökkt var á Friðarsúlunni til að minna á táknrænan hátt á þau myrku mannréttindabrot sem kynbundið ofbeldi felur í sér. Í fararbroddi voru kyndilberar sem láta sig málefnið varða, m.a. Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, Halldóra Geirharðsdóttir, leikkona, Jón Páll Eyjólfsson, leikskáld, Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi Íslands, Ragnhildur Gísladóttir, tónskáld, og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann, rithöfundur.

Gangan vakti töluverða athygli, m.a. varpaði Ríkissjónvarpið beint frá upphafi hennar í kvöldfréttum.

Enda þótt staða íslenskra kvenna sé sterk á mörgum sviðum er kynbundið ofbeldi alvarlegt vandamál hér á landi. Árið 2008 leituðu 547 einstaklingar til Stígamóta en frá upphafi samtakanna til ársloka 2008 hafa alls 5.279 manns leitað þar aðstoðar. 22% íslenskra kvenna hafa einhvern tíma á ævinni verið beitt ofbeldi af hendi maka eða fyrrverandi maka en um 530 konur hafa leitað til Kvennaathvarfs á árinu 2009 - komur til samtakanna eru frá upphafi um 5800.

### Viðburður í tilefni af alþjóðadegi mannréttinda og 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi

Í tilefni alþjóðlega mannréttindadagsins 10. desember og 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi efndu Mannréttindaskrifstofan og Amnesty International til sameiginlegrar

dagskrár í Amnesty-salnum, Þinghóltsstræti 27. Í tilefni dagsins voru sýndar tvær nýjar íslenskar heimildarmyndir sem fjalla um mannréttindi frá ólíkum sjónarhornum og tónlistarmaðurinn Svavar Knútur flutti nokkur lög. Sýndar voru myndirnar: *Taktu þátt* eftir Sörku Wohlmuthovu, sem beinir sjónum að reynsluheimi ungra kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og *Athvarfið* eftir Kristínu Tómasdóttur og Garðar Stefánsson, heimildar-/og kynningarmynd um Kvennaathvarfið. Að lokum sátu aðstandendur myndanna fyrir svörum. Aðgangur var ókeypis og öllum opinn.

### PROGRESS-áætlun Evrópusambandsins

Mannréttindaskrifstofan heldur utan um styrkt verkefni PROGRESS-áætlunar ESB árin 2008-2010 á Íslandi. Meginmarkmið áætlunarinnar er að veita fjármagni til verkefna sem stuðla að því að markmiðum Evrópusambandsins á sviði jafnréttis-, félags- og vinnumála, sem tilgreind eru í Lissabon-áætluninni, verði náð. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur umsjón með PROGRESS hérlendis. Markmið Lissabon-áætlunarinnar er að: auka samkeppnishæfni evrópsks vinnu- markaðar, með áherslu á þekkingariðnað, að skapa fleiri og betri störf í Evrópu og stuðla að samfélagi án mismununar. Áætlunin skiptist í fimm svið: Atvinnumál, vinnuvernd, stuðning við markmið um félagslega velferð og aukna þátttöku jaðarhópa í samfélaginu, jafnrétti kynjanna og aðgerðir sem vinna gegn mismunun og stuðla að samfélagi án aðgreiningar. Markmið verkefnisins er að stuðla að fjölbreytileika samfélagsins í heild með sérstakri áherslu á að vinna gegn mismunun vegna aldurs, kynhneigðar, trúar, uppruna eða kynþáttar og fötlunar. PROGRESS-áætlunin styrkir m.a. rannsóknir, alþjóðleg samstafsverkefni, verkefni sem stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu, félagasamtök og stofnanir og fyrirmyndarverkefni. Verkefni PROGRESS stuðla að framkvæmd tveggja tilskipana ESB: 2000/43/EB um jafna meðferð án tillits til kyn-

þáttar eða þjóðernisuppruna og 2000/78/EB þar sem fjallað er um jafna meðferð launþega og starfsmanna. Styrkt verkefni fyrir árið 2009 eru fjölbreytt, t.d. kvikmyndahátíð, póstkorta- og veggspjaldaherferð, ráðstefnur og rannsóknir.

## Allar heimsins konur

Allar heimsins konur er hópur sem samanstendur af konum frá ýmsum stofnunum og samtökum. Hópurinn vinnur að því að deila upplýsingum og þekkingu á stöðu erlendra kvenna í íslensku samfélagi og að auka gagnkvæma aðlögun. Í hópnum situr fulltrúi Mannréttindaskrifstofu auk fulltrúa frá Stígarmótum, Kvennaathvarfinu, Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Alþjóðahúsinu, Landspítalanum og verkalyðshreyfingunni. Markmið hópsins eru að ná til erlendra kvenna og tryggja þátttöku þeirra í íslensku samfélagi á eigin forsendum; að byggja upp tengslanet og styðja samtök sem vinna að mál-efnum kvenna og barna af erlendum uppruna; að byggja upp og styrkja upplýsinga- og fræðslunet varðandi réttindi og skyldur innflytjenda á Íslandi; að berjast gegn mismunum og kynbundnu ofbeldi og styðja fórnarlömb kynbundins ofbeldis. Allar heimsins konur hafa staðið að ýmsum ráðstefnum og viðburðum en helsta verkefnið nú er mentoraverkefni fyrir konur af erlendum uppruna sem vistað er hjá Rauða krossi Íslands.

## Útgefið efni

### Vefleikurinn Against all Odds - Flótti

Rannsóknir sýna að vaxandi fordóma gætir hjá ungu fólki gagnvart flóttamönnum og hælisleitendum og útlendingum almennt og því er brýnt að ungmenni fái fræðslu um hvað felist í því að fá stöðu flóttamanns, aðra menningarheima og þær aðstæður sem fólk er helst að flýja í heimalandinu.

Mannréttindaskrifstofan og Rauði kross Íslands, í samstarfi

við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, réðust í það verkefni árið 2007 að þýða og staðfæra vefleikinn Against All Odds en því starfi er nú lokið og var leiknum ýtt úr vör í maí 2009. Leikurinn var upprunalega þróaður á sænsku með stuðningi fyrirtækisins Statoil en hefur nú verið þýddur á fjölda tungumála. Leikurinn hefur hvarvetna vakið mikla athygli en t.d. spiluðu meira en 45.000 manns hann fyrstu tvær vikurnar eftir að þýskri útgáfu hans var hleypt af stokkunum. Leikurinn, sem fengið hefur nafnið Flótti á íslensku, er ætlaður ungmönnum á aldrinum 13–16 ára og veitir þeim sýn inn í veruleika flóttamanna og þá lífsbaráttu sem þeir þurfa að heyja í heimalandi sínu, á flóttu og við að aðlagast nýju samfélagi.

### Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindaskrifstofan gaf út upplýsingarit um Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við utanríkisráðuneyti, UNIFEM og Jafnréttisstofu. Ritið var gefið út í tilefni af 30 ára afmæli sáttmálans og er ætlað að fræða fólk um samninginn á einfaldan og aðgengilegan hátt.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 19. desember 1979. Sáttmálinn er einn sá mannréttindasamningur sem flest ríki hafa fullgilt en með fullgildingunni skuldbinda ríki sig til þess að koma ákvæðum samningsins í framkvæmd innanlands. Samningurinn gekk í gildi fyrir Ísland árið 1985 en lítið hefur verið fjallað um þýðingu hans fyrir réttindi kvenna hér á landi.



Sáttmálinn tekur til flestra þátta í lífi kvenna. Hann byggir á jafnrétti, banni við mismunum og skyldum ríkisins. Samningurinn mælir fyrir um aðferðir til að auka jafnrétti kynjanna og er ætlað að tryggja borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi til jafns við efnahagsleg og félagsleg réttindi.

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar



Mannréttindaskrifstofan gaf út upplýsingarit um Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ritið er gefið út í tilefni af 30 ára afmæli sáttmálans og er ætlað að fræða fólk um samninginn á einfaldan og aðgengilegan hátt.

Mannréttindaskrifstofan gaf út endurskoðaða útgáfu efnis úr *Human Rights Education Project* ásamt sérfræðingum og nemum við Friðarháskóla Sp. Bækurnar *Human Rights Instruments* (áttunda útgáfa) og *Human Rights Reference Handbook* (fimmta útgáfa) komu út í apríl.



gagnvart konum fylgist með því hvernig ákvæðum samningsins er framfylgt í aðildarríkjum sem skila til hennar skýrslu með ákveðnu millibili. Árið 2008 gagnrýndi nefndin það meðal annars að samningurinn væri ekki nægilega sýnilegur í íslensku samfélagi og löggjöf. Markmið handbókarinnar er að bæta úr þessu. Hún fjallar um sáttmálann, ákvæði hans, tilurð og réttindi þau er hann kveður á um.

Bókin mun nýtast öllum þeim (nemun, fræðimönnum, opinberum starfsmönnum o.s.frv.) sem hafa áhuga á að kynna sér sáttmálann. Bókinni hefur þegar verið dreift víða.

### Human Rights Reference Handbook

Eitt markmiða Mannréttindaskrifstofunnar er að stuðla að útgáfu og dreifingu kennsluefnis um mannréttindi. *Human Rights Reference Handbook* í núverandi mynd, eftir Magdalenu Sepulveda, Theo van Banning, Guðrúnu D. Guðmundsdóttur, Christine Chamoun og Willem van Genugten, var fyrst gefin út af Mannréttindaskrifstofu, ríkisstjórn Hollands og Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna árið 2009. Framkvæmdastjóri ritstýrir bókinni sem var uppfærð og gefin út í endurbættri útgáfu í aprílmánuði. Bókin hefur verið notuð til kennslu í Friðarháskólanum og víðar en hún er hentug fyrir fagaðila, framhaldsskóla, félagasamtök og háskólastofnanir. Háskólinn í Utrecht keypti nær allt upplag bókarinnar en hún er notuð í kennslu í lagadeildinni og við margs konar fræðslu skólans í þróunarsamvinnuverkefnum. Bókin er hluti af *The Human Rights Education Project*. Alþjóðlega viðurkenndir sérfræðingar unnu að verkefninu, þ. á m. dómari við alþjóðasakamáladómstólinn, sérfræðingur Mannréttindaráðs Sp á sviði mannréttinda og örbyrgðar, forseti lagadeildar Pretoría-háskóla og prófessorar við háskólana í Tilburg og Utrecht, auk

meistaraneina við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna og starfsfólki Mannréttindaskrifstofunnar. Ætlunin er að handbókin komi út aftur í apríl 2010.

### Human Rights Instruments

Safn alþjóðasamninga um mannréttindi er annar hluti *Human Rights Education Project*. Neil Kelleher og framkvæmdastjóri unnu að endurbættri útgáfu bókarinnar sem kom einnig út í apríl og var keypt af Utrecht-háskóla. Ætlunin er að endurbætt útgáfa bókarinnar komi út í mars 2010 en nauðsynlegt er að endurskoða bókina reglulega vegna þess að stöðugt bætast nýir samningar í safnið.

### Ragnarsbók

Ragnar Aðalsteinnsson hefur um áratuga skeið verið atorkusamur lögmaður og unnið ómetanlegt starf á sviði mannréttinda og stjórnskipunar íslensku samfélagi til hagsbóta. Ragnar var einn af stofnendum Mannréttindaskrifstofunnar og formaður stjórnar hennar um langt skeið. Í tilefni sjötugsafmælis hans ákváð Mannréttindaskrifstofa Íslands að beita sér fyrir útgáfu fæðiritis á sviði mannréttinda og stjórnskipunar honum til heiðurs. Bókin er unnin í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri. Í Ragnarsbók er að finna ritgerðir um þjóðarétt, mannréttindi og réttarríkið eftir valinkunna innlenda og erlenda fræðimenn. Hluti greinanna byggir á erindum sem flutt voru á Ragnarsstefnu sem félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri stóð fyrir í tilefni afmælis Ragnars árið 2006 og ráðstefnu sem Háskólinn í Reykjavík hélt um tjáningarfrelsi sama ár. Vinnu við handrit lauk í desember og var bókin send í prentun í lok árs.

## Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar

Skrifstofan hafði umsjón með texta og útgáfu kynningarbæklinga um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastefnan byggir á mannréttindum og jafnræðisreglunni og miðar að því að allir borgarbúar njóti jafns réttar, án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Framkvæmdastjóri átti sæti í bakhóp sem var borginni til ráðgjafar þegar stefnan var samþykkt og því var kjörið að Mannréttindaskrifstofan tæki að sér að semja og sjá um útgáfu bæklinga um stefnuna.

### Mannréttindi og viðskipti

Í kjölfar kreppunnar beinast sjónir manna í auknum mæli að því hvernig félagslegri ábyrgð fyrirtækja er háttað, mannréttindum á vinnustað og þeim mannréttindareglum sem æskilegt er að fyrirtæki hafi til hliðsjónar í starfsemi sinni. Mannréttindaskrifstofan hefur um nokkurt skeið unnið að gerð fræðslupakka sem ætlaður er íslenskum fyrirtækjum, annars vegar með stjórnendum í huga og hins vegar almenna starfsmenn. Í kjölfar hruns íslenska efnahagskerfisins hefur umræða um óábyrga, og í sumum tilvikum sviksamlega starfshætti íslenskra fyrirtækja aukist til muna. Í þeirri uppbyggingu sem fyrir liggur er brýnt að gerð verði aukin krafa um samfélagslega ábyrgð íslenskra fyrirtækja. Mannréttindaskrifstofan vinnur því að gerð kynningarbæklinga um samfélagsábyrgð. Bæklinginn unnu Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, Hlynur Ársælsson og Sólveig Stefánsdóttir. Hann fjallar um hugmyndafræði samfélagsábyrgðar, hag fyrirtækja af því að tileinka sér ábyrga starfshætti, tengsl mannréttinda og viðskipta o.fl. Verið er að leita styrkja en kreppan setti strik í reikninginn hjá þeim aðilum sem hugðust fjármagna útgáfuna.

## Réttarstaða aldraðra

Mannréttindaskrifstofan hlaut styrki frá ýmsum aðilum til að vinna rannsóknarverkefni um mannréttindi aldraðra á Íslandi. Nokkuð hefur borið á umræðu um bág kjör eldri borgara á Íslandi undanfarin ár og takmarkaða möguleika þeirra til að vera virkir þátttakendur og njóta gæða samfélagsins til jafns við yngra fólk. Markmið verkefnisins er að vekja almenning til umhugsunar um réttindi aldraðra og manngildi og draga úr fordómum yngra fólks gagnvart þeim eldri. Bókin *Réttarstaða aldraðra* sem gefin verður út sem hluti verkefnisins mun jafnframt nýtast til kennslu á háskólastigi, fyrir fagfólk og til upplýsingar fyrir aldraðra og aðstandendur um réttindi og hvernig hægt er að leita þeirra. Ætlunin var að bók um réttarstöðu aldraðra kæmi út á árinu en vegna breytinga á lagaumhverfi hefur reynst nauðsynlegt að endurskrifa kafla í bókinni og því hefur útgáfa dregist á langinn.

### Réttarstaða transgender fólks á Íslandi

Sandra Lyngdorf vann að rannsókn á réttarstöðu transgender fólks á Íslandi. Rannsókninni er ætlað að greina hvaða örðugleika transgender fólk glímur við á Íslandi og koma með tillögur að úbótum, einkum hvað varðar löggjöf. Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í ritröð Mannréttindaskrifstofu á næsta starfstímabili.

### Fylgdu hjartanu!

Í tengslum við alþjóðadag gegn kynþáttamisrétti gerði Mannréttindaskrifstofan bækling um fordóma og misunun. Bæklingnum er ætlað að fræða almenning um staðalmyndir og misrétti og hvetja fólk til að líta í eigin barm og kveða niður þá fordóma sem það ber í brjósti.



Mannréttindaskrifstofan annaðist gerð kynningarbæklinga um mannréttindastefnu Reykjavíkur sem dreift var á alla vinnustaði borgarinnar og víðar.

## Fjölmiðlar og opinber umræða

Mannréttindaskrifstofan hefur lagt sig í líma við að vekja athygli á mannréttindamálum með fréttatilkygningum og greinaskrifum í fjölmiðlum og hefur það gefist vel. Skrifaðar hafa verið greinar um kynbundið ofbeldi, jafnréttismál, mál-efni hælisleitenda, kynþáttafordóma o.fl. Af sérstökum ályktunum og áskorunum má nefna ályktun aðalfundar um stjórnar-

sáttmála ríkisstjórnarinnar, áskorun um fullgildingu viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagleg, félagsleg og menningarleg réttindi og áskorun til stjórnvalda um að beita sér fyrir að komið verði á kærufæri vegna brota á Barnasáttmálanum. Þá var áréttuð áskorun um aðild að samningum Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangsleysi og viðauka við samning Sp gegn pyntingum, sjá hér að neðan.

### Ályktun aðalfundar Mannréttindaskrifstofu Íslands 14. maí 2009

Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar heilshugar þeirri miklu áherslu sem lögð er á mannréttindamál í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Mannréttindaskrifstofan styður áform um að mannréttindasamningar sem Ísland hefur fullgilt verði leiðir í lög ásamt því að gerð verði áætlun í mannréttindamálum að norrænni fyrirmynd. Mannréttindaskrifstofan fagnar stofnun nýs ráðuneytis Mannréttinda og dómsmála þar sem áhersla verður lögð á verkefni á sviði lýð- og mannréttinda. Í ljósi aukinnar áherslu stjórnvalda á mannréttindamál vill Mannréttindaskrifstofa Íslands áréttuð að hún lýsir sig reiðubúna til að gegna formlega hlutverki sjálfstæðrar og óháðrar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarreglur Sp, þar sem fram kemur hvaða hlutverki slíkar stofnanir eiga að gegna.

Kynjamsrétti og kynbundið ofbeldi er alvarlegt mannréttindabrot á Íslandi. Mannréttindaskrifstofan fagnar því að málaflokkur jafnréttismála fái aukid vægi innan stjórnkerfisins, m.a. fagnar hún aðgerðum til að tryggja kynjajafnrétti er lúta að styrkingu Jafnréttisstofu, jöfnun hlutfalls kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og útrýmingu kynbundins launamunar. Mannréttindaskrifstofan hefur lengi haldið á lofti nauðsyn þess að stjórnvöld grípi til heildstæðra aðgerða gegn kynbundu ofbeldi m.a. með því að löggleiða austurrísku leiðina (þannig að ofbeldismenn verði fjarlægðir af heimilum sínum), með því að tryggja forvarnir og stuðning við aðgerðaáætlanir ríkisstjórnarinnar gegn kynbundu ofbeldi og mansali.

Mannréttindaskrifstofan fagnar því að mannréttindafræðsla verði eflað á öllum skólastigum. Skrifstofan lýsir einnig ánægju sinni með aukna áhersla á mannréttindafræðslu og kvenfrelsi til að stuðla að opinni stjórnvísu, gagnsæi og lýðræðisumbótum. Skrifstofan fagnar fyrirhuguðum umbótum í stjórnkerfinu á sviði mannréttindamála og lýðræðisþróunar sem hafa það markmið að vanda stjórnsýsluhætti og efla traust almennings á stofnunum hins opinbera.

Mannréttindaskrifstofan styður breytingar á kosningalögum til að jafna vægi atkvæða og koma þar með til móts við ábendingar Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Mannréttindaskrifstofan hefur lýst áhyggjum sínum af málefnum hælisleitenda um langt skeið. Skrifstofan fagnar því áformum um að löggjöf um málefni hælisleitenda verði endurskoðuð. Brynt er að mannúð og mannréttindi verði lögð til grundvallar í því starfi. Á næstunni mun birtast rannsókn Mannréttindaskrifstofu á aðbúnaði og málsmeðferð í hælismálum á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd. Í þessu samhengi ítrekar Mannréttindaskrifstofan hvatningu sína um að Ísland gerist aðili að samningum Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangslausu.

Skrifstofan áréttar nauðsyn þess að löggjafinn tryggji tjáningar- og skoðanafrelsi fjölmiðla og fagnar því áformum um að sett verði heildstæð lög um fjölmiðla þar sem ritstjórnarlegt sjálfstæði og réttur blaðamanna eru tryggð. Skrifstofan styður faglega endurskoðun stjórnarskrár í samræði við almennung og borgaralegt samfélag og að upplýsingalög verði endurskoðuð til að auka aðgang almennings og fjölmiðla að upplýsingum.

Mannréttindaskrifstofan fagnar áformum um ein hjúskaparlög sem tryggja jafnræði án tillits til kynhneigðar og að hugað verði að réttarbótum í málefnum transgender fólks en skrifstofan hefur um langt skeið vakið máls á að löggjöf skorti til að tryggja rétt og mannvirðingu þessa hóps.

Undanfarin ár hefur útlendingalöggjöf einkum beinst að reglum um komu og brottför í stað nauðsynlegra ákvæða til að tryggja fólki af erlendum uppruna rétt sem fullgildum meðlimum íslensks fjölmenningsarsamfélags. Mannréttindaskrifstofan fagnar því að rík áhersla verði lögð á að tryggja rétt og þátttöku fólks af erlendum uppruna og að ný lög verði sett um málefni innflytjenda.

Skrifstofan styður heilshugar að brugðist verði við álitu Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um fiskveiðistjórnunarkerfið, þar sem ákvæði stjórnarskrár um atvinnufrelsi og jafnræði verði lagt til grundvallar. Einnig fagnar skrifstofan áformum um innleiðingu vatnatilskipunar ESB með nýjum vatnalögum sem tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu ferskvatns og skilgreini aðgang að vatni sem grundvallarmannréttindi.

Mannréttindaskrifstofan fagnar aukinni áherslu í utanríkismálum á baráttu fyrir mannréttindum og kvenfrelsi, friði og afvopnun og gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu og hungursneyð, m.a. með þróunaraðstoð og að framlag Íslands til friðargæslu verði á sviði sáttaumleitana, uppbyggingar borgaralegra stofnana, jafnréttis- og mannúðarmála.

Ísland á aðild að Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu en þar er mælt til þess að stjórnvöld setji á stofn eða styrki starf stofnana sem eru fyrir hendi til að tryggja að í landinu starfi óháð og fjárhagslega sjálfstæð mannréttindastofnun. Stofnunum þessum er m.a. ætlað að fylgjast með þróun mannréttinda í viðkomandi ríki, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, veita ráðgjöf um mannréttindamál ásamt því að halda uppi fræðslu og rannsóknum.

Í Parísarreglunum kemur fram hvaða hlutverki landsstofnanir eiga að gegna. Mannréttindaskrifstofan er sjálfstæð stofnun sem starfar í samræmi við Parísarreglurnar þó í dag sé rekstrargrundvöllur hennar ótryggur. Í máli eftirlitsstofnana á sviði mannréttinda sem fjallað hafa um málefni Mannréttindaskrifstofunnar kemur fram að þær telji skrifstofuna geta fyllilega sinnt hlutverki landsstofnunar svo fremi sem rekstrargrundvöllur og sjálfstæði er tryggt.

## Áskorun til stjórnvalda um að fullgilda viðauka við samning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi

Mannréttindaskrifstofa skorar á yfirvöld að undirrita og fullgilda viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem kveður á um rétt einstaklinga til að kæra brot til eftirlitsnefndar sammingsins

Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (SEFMR) tók gildi á Íslandi þann 28. ágúst 1979. Sögulega hefur samningurinn staðið skör lægra en hliðstæður alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórn mála réttindi frá sama ári en viðauki við hann heimilar Mannréttindanefndinni að veita móttöku og athuga kærur frá einstaklingum. Sá viðauki öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 22. nóvember 1979. Á síðari árum hefur viðurkenning þess, að öll mannréttindi séu jafngild og innbyrðis háð, fengið aukinn hljómgrunn; að brot gegn efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum séu órjúfanlega tengd brotum gegn borgaralegum og stjórn mála réttindum. Tjáningarfrelsi tengist t.d. oft réttinum til menntunar og rétturinn til lífs krefst þess að stjórnvöld grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir ungbarnadauða, farsóttir og hungur.

Á 60 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, þann 10. desember sl., samþykkti allsherjarþingið valkvæðan viðauka sem kveður á um rétt einstaklinga til að kæra brot gegn efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum til eftirlitsnefndar sem fylgist með framfylgd SEFMR. Með viðaukanum hefur alþjóðasamfélagið loks staðfest að öll mannréttindi eru jafngild; að efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi skipa sama sess og borgaraleg og stjórn mála réttindi.

Virk vernd efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda er ekki hvað síst mikilvæg þegar skórin kreppir. Brýnt er að efnahagslegum og félagslegum réttindum sé ekki varpað fyrir róða í þeim niðurskurði sem íslensk stjórnvöld standa nú frammi fyrir. Mannréttindi borgaranna, s.s. bann við mismunun og efnahagsleg og félagsleg réttindi, ættu að vera leiðarljós þegar teknar eru mikilvægar ákvarðanir um skerðingu opinberrar þjónustu.

Með undirritun og fullgildingu nýs viðauka við SEFMR myndi Ísland skipa sér í framvarðasveit mannréttinda á heimsvísu og stuðla að því að viðaukinn öðlist gildi hið fyrsta. Með aðild að viðaukanum er stuðlað að alþjóðlegri viðurkenningu þess að öll mannréttindi séu algild, ódeilanleg og innbyrðis háð. Samþykkt kæruleiðar fyrir íslenska borgara sem telja efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi á sér brotin er jafnframt yfirlýsing íslenskra stjórnvalda um að þau hyggist tryggja þessi réttindi til fulls.

## Stuðningur við valfrjálsa bókun um kærufæri vegna brota gegn ákvæðum Barnasáttmála SP

Barnaheill á Íslandi og Mannréttindaskrifstofa Íslands hvetja íslensk stjórnvöld til að styðja gerð valfrjálsar bókunar um kærufæri (e. communication procedure) vegna Barnasáttmálans. Við hvetjum jafnframt íslensk stjórnvöld til að senda fulltrúa sinn í Genf á fund starfshóps Mannréttindaráðsins 14.-18. desember 2009 til að styðja þetta mál.

Í ár eru 20 ár frá því samningurinn um réttindi barnsins var samþykktur af Sameinuðu þjóðunum. Á þessum tímamótum er vert að fagna því sem hefur áunnist en jafnframt að efla baráttuna fyrir réttindum barna á Íslandi og um allan heim. Alþjóðasamtök Barnaheilla, Save the Children hafa frá upphafi barist ötullega fyrir réttindum barna og stofnandi samtakanna, Eglantyne Jebb, skrifaði Yfirlýsingu um réttindi barnsins (e. Declaration of the Right of the Child) sem var undanfari Barnasáttmálans. Stuðningur við gerð og gildistöku valfrjálsrar bókunar (e. optional protocol) um kærufæri vegna brota gegn ákvæðum Barnasáttmálans fer sívaxandi á alþjóðavettvangi. Alþjóðasamtök Barnaheilla, Save the Children og 450 önnur frjáls félagasamtök, mannréttindasamtök og stofnanir hvetja til þess að kærufærið verði að veruleika.

Í mars 2009 samþykkti Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna ályktun um að stofnaður yrði starfshópur til að semja drög að ferlinu. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktunina í júní sl. Fyrsti fundur starfshópsins fer fram í Genf 14.-18. desember 2009 en þar verður tekin ákvörðun um framhaldið. Börn heimsins hafa beðið í 20 ár eftir því að Barnasáttmállinn verði eflur með þessari mikilvægu viðbót. Barnaheill á Íslandi og Mannréttindaskrifstofa Íslands telja að valfrjálsa bókunin um kærufæri muni styrkja Barnasáttmálann og stuðla að því að þau réttindi sem hann kveður á um komist raunverulega í framkvæmd.

## Áskorun til stjórnvalda um að fullgilda samninga Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangsleysi

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna kveður á um rétt manna til að leita og njóta griðlands erlendis gegn ofsóknum. Mannréttindayfirlýsingin kveður einnig á um rétt allra manna til ríkisfangs en í því er fólgin lagalegur réttur til að njóta gæða samfélagsins og taka þátt í skipan þess. Þessi réttindi eru nátengd, því fólk sem ekki nýtur verndar stjórnvalda í heimalandi sínu er oft án ríkisfangs; það að öllum sé tryggt ríkisfang er einn grunnþátta í vernd minnihlutahópa og annarra hópa sem eiga undir högg að sækja. Með því að vinna gegn ríkisfangsleysi og aðstoða fólk sem er án ríkisfangs er stuðlað að stöðugleika á viðkomandi svæði og þannig jafnvel unnt að koma í veg fyrir ástand sem leiðir til þess að fólk neyðist til að leggja á flótta. Ísland er aðili að Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna sem gefur fólki sem ekki nýtur verndar gegn ofsóknum í eigin landi kost á því að leita skjóls hjá öðrum þjóðum. Ísland á einnig aðild að Evrópusamningi um ríkisfang sem kveður á um réttindi og skyldur varðandi ríkisfang. Ísland er hins vegar eina Norðurlandið sem hvorki hefur gerst aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangsleysi né samningi um réttarstöðu fólks án ríkisfangs.

Í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna, í dag 20. júní, hvetur Mannréttindaskrifstofan íslensk stjórnvöld til að gerast aðili að samningum Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangslausu: samningi um að draga úr ríkisfangsleysi sem samþykktur var 30. ágúst 1961 og samningi um réttarstöðu fólks án ríkisfangs sem samþykktur var 28. september 1954. Bæði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og Flóttamannastofnunin hafa hvatt ríki til að gerast aðilar að samningunum en flest Vestur-Evrópulönd hafa átt aðild að þeim um áratuga skeið.

## Samráðsfundur með stjórnvöldum

Mannréttindaskrifstofa átti fjölda funda með stjórnvöldum og ýmsum þingnefndum um mannréttindamál.

### Utanríkisráðuneyti

Það er gleðiefni að samráðsfundur utanríkisráðuneytis og frjálsra félagasamtaka um mannréttindamál í tengslum við upphaf allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og fundi mannréttindaráðsins í Genf hafa verið endurvaktir.

Fundir af þessu tagi eru afar gagnlegir en þar hafa verið kynnt þau mál, sem stjórnvöld hyggjast beita sér fyrir í umræðu á allsherjarþinginu. Framkvæmdastjóri sat fundina sem voru fróðlegir í alla staði. Mannréttindaskrifstofan átti afar gott samstarf við ráðuneytið á ýmsum öðrum sviðum, einkum þó í tengslum við samstarfssamninginn. Þá á skrifstofan fulltrúa í samningahóp ESB á sviði dóms- og innríkismála.

### Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Mannréttindaskrifstofan átti margvíslegt samstarf við félagsmálaráðuneyti einkum í tengslum við umfangsmikla umsókn í sjóð PROGRESS-áætlunar ESB, varðandi samning um réttindi fólks með fötlun, ný jafnréttislög og tilskipanir ESB um bann við mismunun. Þakkar skrifstofan sérstaklega Lindu Rós Alfreðsdóttur, fulltrúa PROGRESS-áætlunarinnar, fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf.

### Dómsmálaráðuneyti

Skrifstofan átti gott samráð við ráðuneytið vegna mansalsmála, kynbundins ofbeldis og skýrslu um málsmeðferð í hælismálum. Framkvæmdastjóri átti einnig sæti í samráðshóp nefndar sem falið var að koma með tillögur að breyttu fyrirkomulagi ávarðandi skipun dómara. Nefndin lagði m.a. til að fulltrúi Mannréttindaskrifstofu gæti átt sæti í sérstakri matsnefnd.

### Menntamálaráðuneyti

Framkvæmdastjóri veitti faglega ráðgjöf varðandi þýðingu og staðfæringu *Kompás* mannréttindakennsluefnisins. Kompás er handbók í mannréttindafræðslu sem er ætluð þeim sem starfa í skólum eða með börnum og unglingum á vettvangi félags-, æskulýðs- og tómstundastarfs. Bókin nýtist bæði fagfólki, forystufólki í félagsstarfi og sjálfbóðaliðum.

Í bókinni er að finna hugmyndir og verkefni sem ætlað er að virkja og vekja jákvæða vitund ungs fólks um mannréttindi. Áhersla er á markmið sem snúa að þekkingu og skilningi, færni, viðhorfum og gildum. Bókina má finna á vefnum: [www.menntamalaraduneyti.is/kompas](http://www.menntamalaraduneyti.is/kompas).

## Mannréttindafræðsla

### Fræðsla í framhaldsskólum

Laust eftir áramótin 2004 skrifaði þáverandi framkvæmdastjóri bréf til skólastjóra allra framhaldsskóla landsins og skýrði þeim frá því að MRSÍ hefði í tilefni tíu ára afmæli síns ákveðið að gera sérstakt átak til að nálgast unga fólkið í landinu. Síðan hefur skólastjórum allra framhaldsskóla verið sent bréf annað hvert ár þar sem skrifstofan býður krafta sína. Á árinu heimsótti framkvæmdastjóri fjölda framhaldsskóla annað hvort á opnum dögum eða fyrirlestrar voru haldnir í kennslustundum. Það hefur verið mjög ánægjulegt að sjá hversu áhugasamir margir nemendurnir eru um mannréttindi. Ætlunin er að halda verkefninu áfram og þegar hefur borist fjöldi fyrirspurna fyrir næsta starfstímabil.

### Fyrirlestrar í Háskólanum í Reykjavík

Framkvæmdastjóri fjallaði um hlutverk félagasamtaka í hinu alþjóðlega mannréttindakerfi á námskeiði í lagadeild Háskólans í Reykjavík. Einnig var þess farið á leit við framkvæmdastjóra að taka þátt í námskeiði um mannréttindi og viðskipti en því miður var það ekki unnt vegna fundahalda erlendis.

### Námskeið um Kompás-kennsluefnið

Framkvæmdastjóri kenndi á tveimur námskeiðum um notkun mannréttindakennsluefnisins Kompás. Annars vegar á námskeiði sem ætlað var fólki sem kemur að fræðslustarfi í félagsamtökum, s.s. skátahreyfingunni, KFUM og KFUK, UMFÍ og RKÍ, og hins vegar á námskeiði fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva.

### Fjölmeningarnámskeið

Framkvæmdastjóri og Toshiki Toma þjóðkirkjuprestur stóðu að tveimur fjölmeningarfræðslunámskeiðum fyrir leiðtoga í ungmennastarfi þjóðkirkjunnar. Námskeiðin fóru fram í Nes Kirkju og Dómkirkju í tengslum við Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti.

### Landsmót Samfés

Framkvæmdastjóri og Linda Rós Alfreðsdóttir frá félags- og tryggingamálaráðuneyti stóðu að mannréttindasmiðju á Landsmóti félagsmiðstöðva á Sauðarkróki. Í smiðjunni var fjallað um bann við mismunun, fjölmeningu og mannréttindi.

### Endurmenntun Háskóla Íslands

Framkvæmdastjóri hélt fyrirlestur um Samning SP um réttindi fatlaðs fólks á námskeiði sem haldið var af Endurmenntun HÍ og Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum.

## Námskeið í félagsfræði við Háskóla Íslands

Það er nú árviss viðburður að nemar í félagsfræði heimsækja Mannréttindaskrifstofu Íslands. Fulltrúar skrifstofunnar hafa sýnt kvikmyndir og flutt fyrirlestra um mannréttindi ásamt því að segja frá starfi skrifstofunnar. Að jafnaði hafa um 30 nemar heimsótt skrifstofuna hverju sinni.

### Taktu þátt!

Mannréttindaskrifstofan tók á móti góðum gestum úr hópnum „Taktu þátt!“ í febrúar. Félag kvenna af erlendum uppruna stendur á bak við hópinn en hann er ætlaður konum af erlendum uppruna á aldrinum 18-30 ára. Í hópnum eru konur víða að úr heiminum meðal annars frá Rússlandi, Ghana, Póllandi, Litháen, Kólumbíu og Argentínu. Markmiðið með verkefninu er að styðja erlendar konur á Íslandi, bæta stöðu þeirra og virkja þær í samfélaginu. Framkvæmdastjóri tók á móti konunum á skrifstofunni, flutti fyrirlestur um mannréttindi, stöðu mannréttinda á Íslandi og starf Mannréttindaskrifstofunnar almennt. Eftir fyrirlesturinn upphófust líflegar og fræðandi umræður enda af nægu að taka í svo fjölbreyttum hópi kvenna.

## Önnur samstarfsverkefni

Á ári hverju er óskað eftir þátttöku Mannréttindaskrifstofu og samstarfi um ráðstefnur, fundi og viðburði af ýmsum toga.

### Verjum velferðina! Hvað er framundan?

Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálpi stóðu fyrir fundaröð þar sem fulltrúar allra stjórnmalaflokka á landsvísi og sérfræðingar í hverjum málaflokki tóku þátt. Framkvæmdastjóri flutti erindi um mannréttindi og mismunur


þar sem tilskipanir ESB um jafnrétti voru m.a. lagðar til grundvallar.

### Rafþing: Hvaðan ertu og hverra manna?

Mannréttindaskrifstofan kom að skipulagningu Rafþings Fjölmenningsseturs sem unnið var í samstarfi við Háskóla-setur Vestfjarða. Verkefnið er styrkt af Progress-áætlun Evrópusambandsins. Rafþingið fjallaði um hugtök og orð sem við notum yfir fólk af erlendum uppruna; hvort við á annað borð þurfum þessi hugtök, og ef svo er, hvort þeir sem lýst er séu sáttir við skilgreininguna. Ekki er síður mikilvægt að þeir sem nota orðin séu vissir um að þeir séu að nota „rétt“ orðið með virðingu fyrir þeim sem um er rætt.

Rafþing er málþing með óhefðbundnu sniði. Í stað þess að halda málþing á tilteknum stað á ákveðnum tíma, var brugðið á það ráð að útbúa vandaðar myndbandsupptök með stuttu (2-6 mínútur) framlagi tólf aðila um þessi orð og hugtök. Með þessu móti gefst fleirum kostur á að taka þátt og leggja orð í belg, þótt það sé aðeins í formi athugasemda á vefnum. Myndbandsupptök þátttakenda eru alltaf aðgengilegar og þannig getur rafþingið verið lifandi vettvangur lengur en ella.

Spurningarnar sem þátttakendur voru beðnir um að hafa til hliðsjónar voru m.a. hvort skilgreina þurfi fólk út frá uppruna og menningu, hvaða orð eru best að nota og af hverju, og að lokum, hver/hvernig á að ákveða hvaða orð eru notuð. Þeir sem vilja leggja orð í belg geta farið inn á facebook-síðu rafþingsins: ([/pages/Rafþing-Fjölmenningaseturs-Hver-ertu-og-hverra-manna/296748107226?ref=ts](https://www.facebook.com/Rafþing-Fjölmenningaseturs-Hver-ertu-og-hverra-manna/296748107226?ref=ts)).



Framkvæmdastjóri aðstoðaði við íslenskun og staðfæringu mannréttindakennskuefnisins *Kompás* sem unnið var af Evrópuráðinu.

Framkvæmdastjóri kenndi einnig á tveimur námskeiðum sem haldin voru um notkun handbókarinnar



## Rannsóknir og skýrslur

### Könnun á viðhorfum almennings til mismununar

Mannréttindaskrifstofan og félags- og tryggingamálaráðuneytið létu gera könnun á viðhorfum almennings til mismununar. Í könnuninni sem framkvæmd var af Capacent Gallup í apríl var mismunun greind út frá sex forsendum: kynferði, fötlun, kynhneigð, trú, aldri og kynþætti/þjóðerni. Spurningarnar voru unnar með hliðsjón af Eurobarometer könnun: *Discrimination in the European Union*. Niðurstöður könnunarinnar sýna að staða ýmissa hópa, s.s. samkynhneigðs fólks og þeirra sem aðhyllast minnihlutatrúarbrögð, er talin betri hér á landi en í ýmsum öðrum Evrópulöndum þótt enn verði ýmsir hópar fyrir fordómum vegna tiltekinna eiginleika eða skoðana.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsi þar sem Árni Páll Árnason félags- og tryggingamálaráðherra tók til máls ásamt fulltrúum Mannréttindaskrifstofu Íslands og Capacent Gallup. Könnunin var styrkt af Progress-áætlun Evrópusambandsins, félagsmálaráðuneyti, Mannréttindaskrifstofu og Þróunarsjóði innflytjendamála. Að verkefninu komu einnig Alþjóðahús, Fjölmenningarsetur, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Samtökin '78, Öryrkjabandalagið, Samráðsvettvangur trúarbragða og Proskahjálp.

Þrjátíu og níu spurningar voru lagðar fyrir 1200 manns. Kannað var hversu algenga fólk teldi mismunun á grundvelli aldurs, kyns, uppruna, fötlunar, kynhneigðar og kyns á Íslandi og hvort fólk teldi að mismunun eða áreiti hefði aukist síðastliðin fimm ár og hvort ofangreindir hópar nytu jafna tækifæra í atvinnulífinu. Einnig var spurt hvort fólk hefði orðið fyrir mismunun eða orðið vitni að mismunun eða áreiti.

#### HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARINNAR

##### *Kynþáttur og þjóðerni*

Þegar spurt var hversu algengt eða óalgengt svarendur teldu að fólk væri mismunað eða það áreitt vegna kynþáttar eða þjóðernis þá töldu 56,9% það algengt eða mjög algengt, 42% töldu það frekar óalgengt eða mjög óalgengt. Ef miðað er við meðaltal svarenda í ESB löndunum þá töldu 65,3% svarenda mismunun vegna kynþáttar eða þjóðernis algenga eða mjög algenga. Ef litið er til annarra Norðurlandþjóða er hlutfallið 5% í Danmörku, 65% í Finnlandi og 76% í Svíþjóð. Þótt færri héraendis telji að fólk sé mismunað eða það áreitt vegna kynþáttar eða þjóðernis þá er það áhyggjuefni að 56,9% svarenda telja að það sé algengt. 25,7% höfðu orðið vitni að

mismunun eða áreiti en þetta hlutfall er 14% í ESB ef miðað er við meðaltal. Í Danmörku var hlutfallið 25%, 12% í Finnlandi og 24% Svíþjóð.

##### *Trú eða trúarskoðun*

Spurt var um tíðni mismununar vegna trúar eða trúarskoðunar. Í ljós kom að 23,4% svarenda töldu það algengt eða mjög algengt. Þetta hlutfall er 45,2% í ESB-löndunum, miðað við meðaltal, en 62% svarenda í Danmörku, 27% í Finnlandi og 51% í Svíþjóð töldu það algengt eða mjög algengt að fólk væri mismunað af þessum sökum. Niðurstöðurnar héraendis endurspeglar eflaust þá staðreynd að meirihluti þjóðarinnar er skráður í þjóðkirkjuna (79,11 %) þótt 11,8% svarenda telji sig tilheyra hópi sem er annarrar trúar eða trúarskoðunar en algengust er á Íslandi. Þá höfðu 9,2% svarenda orðið vitni að mismunun eða áreiti af þessum toga síðastliðna 12 mánuði. Þetta hlutfall er 6% í ESB ef miðað er við meðaltal. Hlutfallið er 15% í Danmörku, 4% í Finnlandi og 14% í Svíþjóð. Í ljós kom að 29,5% svarenda á Íslandi töldu mismunun eða áreiti á grundvelli trúar eða trúarskoðunar hafa minnkað síðustu fimm ár en 21,8% töldu mismunun eða áreiti hafa aukist.

##### *Fötlun eða örorka*

Spurt var um tíðni mismununar eða áreitiss vegna fötlunar eða örorku. Í ljós kom að 35,9% svarenda töldu mismunun eða áreiti af þessum toga algengt eða mjög algengt. Ef miðað er við meðaltal svarenda þá er þetta hlutfall 47,9% í ESB-löndunum. 16,6% svarenda höfðu orðið vitni að mismunun eða áreiti vegna fötlunar eða örorku á síðastliðnum 12 mánuði. Hlutfallið í ESB löndunum var 2% af meðaltali, þar af 7% í Danmörku og Finnlandi og 11% í Svíþjóð. 80% svarenda töldu fötlun hafa neikvæð áhrif á starfsráðningu einstaklings. Þeir sem töldu áreiti eða mismunun hafa aukist síðustu fimm ár voru 9,9% svarenda en 37,4% töldu hins vegar að mismunun eða áreiti hefði minnkað.

##### *Samkynhneigð og tvíkynhneigð*

41,3% svarenda telja algengt eða mjög algengt að fólk sé mismunað eða það áreitt vegna samkynhneigðar eða tvíkynhneigðar. 13,1% svarenda höfðu orðið vitni að mismunun eða áreiti vegna sam- eða tvíkynhneigðar héraendis síðastliðna 12 mánuði. Þetta hlutfall var 6% í ESB ef miðað er við meðaltal, þar af 8% í Danmörku, 4% Finnlandi og 13% í Svíþjóð. 67,6% svarenda töldu að mismunun eða áreiti af þessum toga hafa minnkað síðustu fimm ár en 6,7% svarenda töldu mismunun eða áreiti hafa aukist.

*Aldur (60 ára og eldri)*

Spurt var um tíðni mismununar eða áreitis vegna aldurs (60 ára og eldri). Í ljós kom að 25,4% svarenda töldu mismunun eða áreiti af þessum toga algengt eða mjög algengt. Ef miðað er við meðaltal svarenda þá er þetta hlutfall 44,7% hjá ESB-löndunum. Þegar litið er til annarra Norðurlandþjóða þá telja 28% svarenda í Danmörku, 43% í Finnlandi og 41% Svíþjóð það algengt eða mjög algengt að fólki sé mismunað vegna aldurs. Niðurstöður eru þó ekki sambærilegar þar sem aldur var ekki skilgreindur í Evrópusambandskönnuninni. 10,6% svarenda höfðu orðið vitni að mismunun eða áreiti vegna aldurs (60 ára og eldri) hérlendis síðastliðna 12 mánuði. Það er athyglisvert að 85,9% svarenda töldu að það gæti haft neikvæð áhrif á ráðningu sé einstaklingur 60 ára eða eldri. Hlutfall þeirra sem töldu að mismunun eða áreiti hefði minnkað síðustu fimm ár var 21% en 12,1% svarenda töldu að það hafði aukist.

*Kynferði*

Hlutfall þeirra svarenda sem höfðu orðið vitni að mismunun eða áreiti vegna kynferðis hérlendis síðastliðna 12 mánuði var 14,9% en í könnuninni er ekki skilgreint hvort um konu eða karl sé að ræða. Þetta hlutfall í ESB-löndunum er 5%, 7% í Danmörku, 5% í Finnlandi og 17% í Svíþjóð. 42,5% svarenda töldu að áreiti eða mismunun hefði minnkað á síðastliðnum fimm árin en 6,5% töldu þetta hafa aukist.

Þegar spurt var hvort svarandi sjálfur hefði orðið fyrir mismunun eða áreiti síðastliðna tólf mánuði er lítil munur á niðurstöðum á Íslandi og í Evrópu nema þegar kemur að aldri en 6% svarenda í Evrópu töldu sér hafa verið mismunað vegna aldurs á meðan aðeins 1,4% töldu sér hafa verið mismunað á Íslandi. Almenn tölur flestir svarendur að mismunun og áreiti hefði annað hvort staðið í stað eða minnkað síðustu fimm ár nema þegar kemur að kynþætti eða þjóðerni en helmingur svarenda taldi að þar væri um aukningu að ræða.

*Atvinnulíf*

Spurt var hver af eftirfarandi þáttum gæti haft neikvæð áhrif á möguleika annars jafnhæfra umsækjanda við ráðningu í starf: íslenskukunnátta, sam- og tvíkynhneigð, fötlun, líkamlegt útlit, þjóðerni eða uppruni, kyn og aldur (eldri en 60 ára). 68,4% svarenda töldu að kynþáttur eða uppruni gæti haft neikvæð áhrif en 69% fólks í þessum hópi átti vin, kunningja eða ættingja af öðru þjóðerni eða kynþætti en það sjálf. 49,4% svarenda töldu að kyn myndi hafa neikvæð áhrif, þetta hlutfall er 22% í ESB og 33% Dana, 27% Finna og 36% Svía telja kyn umsækjandans hafi neikvæð áhrif. Svo virðist sem svarendur hérlendis telji kynjabreytuna hafa mun neikvæðari

áhrif fyrir umsækjandann en svarendur annars staðar í Evrópu. 85,9% svarenda töldu að það hefði neikvæð áhrif að vera eldri en 60 ára. 70,1% svarenda töldu að líkamlegt útlit svo sem hæð og þyngd hefðu neikvæð áhrif fyrir umsækjandann. 34,8% svarenda töldu að það hefði neikvæð áhrif fyrir umsækjanda ef hann eða hún væri sam- eða tvíkynhneigð. Þetta hlutfall er 21% í ESB en 28% Dana, 20% Finna og 29% Svía töldu sam- eða tvíkynhneigð umsækjandans hefði neikvæð áhrif. 80% svarenda töldu að fötlun umsækjanda hefði neikvæð áhrif á tækifæri hans til ráðningar. Þetta hlutfall er 38% svarenda í ESB en 56% Dana, 49% Finna og 60% Svía töldu að fötlun umsækjandans hefði neikvæð áhrif.

Í tengslum við þær efnahagsþrengingar sem Ísland gengur nú í gegnum og aukið atvinnuleysi er mikilvægt að standa vörð um þann árangur sem náðst hefur til að tryggja að allir eigi sömu tækifæri óháð kynferði, trú, fötlun, aldri, skoðunum, uppruna, kyngervi, kynþætti, litarhætti og kynhneigð. Því ýtti Mannréttindaskrifstofan Hjarta-herferðinni úr vör samtímis því að niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar.

*Viðhorf til slæðuburðar á Íslandi*

Rýnhópur um slæðuburð var hluti af Prógress-verkefnum ársins. Steinunn Pieper átti djúpvíðtöl við múslmskar konur á Íslandi. Umfjöllunarefnið var viðhorf á Íslandi til slæðuburðar og múslmskra kvenna. Niðurstaða hópsins var á þá leið að meirihluti kvennanna taldi sig ekki verða fyrir fordómum vegna slæðuburðarins þótt ein teldi Íslendinga tala niður til kvenna með slæður og að þeim þætti návist þeirra óþægileg. Almenn tölur konunnar íslensku-kunnáttu lykil að virkri þátttöku í samfélaginu og Íslendinga almennt jákvæða í sinn garð.

*Greining á fjölmiðlaumfjöllun*

Mannréttindaskrifstofa og félags- og tryggingamálaráðuneyti létu Creditinfo gera tölfræðigreiningu á umfjöllun fjölmiðla um tiltekna hópa á árinu. Greiningin var styrkt af PROGRESS-sjóði Evrópusambandsins. Greiningin veitir upplýsingar um hvernig umfjöllun um skilgreinda hópa kemur fyrir sjónir almennings í fjölmiðlum á ákveðnu tímabili. Í skýrslu Creditinfo eru niðurstöður greiningar á umfjöllun um tiltekna hópa í völdum prentmiðlum og í aðalfréttatímum ljósvakamiðla. Um er að ræða umfjöllun í skilgreindum dagblöðum og í aðalfréttatímum ljósvakamiðla þar sem fjallað var um eftirtalda þjóðfélagsþópá: Konur (eingöngu tekin sú umfjöllun þar sem megininntak fjallar á einhvern hátt um málefni kvenna, t.d. umfjöllun um jafnréttismál); fatlaða einstaklinga; inn-flytjendur á Íslandi; trúarhópa í minnihluta; aldraða og samkynhneigða einstaklinga

og transgender. Í skýrslunni eru sýndar niðurstöður mælinga á umfjöllun um tilgreinda hópa á þremur vikum á árinu 2009 sem valdar voru af handahófi. Við val á tímabilum var reynt að velja þannig að hitamál líðandi stundar hefðu ekki áhrif á fjölda fréttu/greina. Í ljósi umfjöllunar um samfélagsmál á árinu 2009 reyndist ekki auðvelt að komast hjá því að t.d. umfjöllun um brýn samfélagsmál hafi ekki haft einhver áhrif á niðurstöður. Af tilgreindum hópum var oftast fjallað um konur og þar á eftir um fatlaða. Sjaldnast var fjallað um samkynhneigða/transgender. Sökum tiltölulega lítillar umfjöllunar þessar þrjár vikur er erfitt að fullyrða með beinum hætti hvaða ályktanir má draga af niðurstöðum. Til þess þyrfti að taka lengri tímabil og þá fleiri yfir árið.

### Mismunur á opinberum vettvangi

Mannréttindaskrifstofan lét gera könnun, þ. á m. aðstæðukönnun (e. situation testing), á aðgengi að vinnumarkaði og skemmtanálífi fyrir fólk af erlendum uppruna ásamt könnun á aðgengi fyrir hreyfihlað fólk. Könnunin var styrkt af PROGRESS-áætlun ESB.

#### Vinnumarkaður

Eftir athugun á aðstæðum til þess að gera aðstæðukönnun á mismunur gegn fólk af erlendum uppruna í ráðningarferli komust rannsakendur að því að nær ómögulegt væri að framkvæma slíka athugun í því árferði sem nú ríkir á íslenskum vinnumarkaði. Sem dæmi má nefna að atvinnuleysi hefur rúmlega sexfaldast frá hruni bankanna árið 2008 og lítið sem ekkert er um auglýst störf og því er erfitt að skoða ráðningarferli almennt. Því var ákveðið að beita annarskonar nálgun og taka viðtöl við fólk sem hugsanlega væri leitað til með kvartanir vegna mismununar við ráðningar. Eftir almenna gagnaöflun um málefni fólks af erlendum uppruna og vinnumarkað á Íslandi var haft samband við hóp viðmælenda. Haft var samband við opinberar stofnanir, félagasamtök, stéttarfélög, ráðningarskrifstofur og sérfræðinga sem á einhvern hátt tengjast málefnum fólks af erlendum uppruna. Viðmælendur urðu alls tíu talsins. Viðmælendur fengu sent bréf þar sem viðfangsefni rannsóknarinnar var kynnt. Hvert viðtal varði í um klukkustund og fór fram á vinnustað viðmælenda. Ekki var lagður fyrir formlegur spurningalisti heldur voru viðmælendur spurðir út frá þeirra starfsvettvangi sérstaklega. Allir við-mælendur voru þó spurðir hvort þeir þekktu til mismununar gagnvart fólk af erlendum uppruna, og voru beðnir um að gera grein fyrir viðhorfi sínu til vinnumarkaðarins og aðgengis útlendinga að honum. Ef viðmælendur þekktu til einstakra mála af því tagi báðu

rannsakendur um frekari upplýsingar. Vegna trúnaðar viðmælenda við skjólstæðinga var rannsakendum aðeins sagt frá einu staðfestu máli um mismunur í ráðningarferli, þó ýmislegt benti til gruns viðmælenda um mismunur í fleiri tilvikum.

Við gagnaöflun kom í ljós hve upplýsingum um starfsráðningar almennt er ábótavant. Hvergi er haldið utan um upplýsingar um fjölda starfsráðninga á ári. Ýmislegt bendir til þess að sjaldnast komi ráðning í starf í kjölfar auglýsingar atvinnurekanda beint. Þetta á jafnt við um Íslendinga og fólk af erlendum uppruna. Samkvæmt rannsókn Fjölmenningsseturs Íslands sem nefnist Innflytjendur á Íslandi (2009) fá flestir útlendingar (78% þátttakenda í rannsókninni) aðstoð frá ættingjum eða vinum frá sama landi við að finna sitt fyrsta starf á Íslandi. Aðeins 7% svarenda fékk vinnu í gegnum ráðningarstofu eða vinnumiðlun. Einnig hefur verið tekið saman með fremur óformlegum hætti af Andrésí Jónssyni almannatengli hvernig þessu er háttað almennt á Íslandi. Samkvæmt hans samantekt er ráðið í um 80% starfa með öðrum leiðum en í gegnum hefðbundnar atvinnuauklýsingar og því sé aðeins í um 20% tilvika ráðið í starf á grundvelli umsókna í kjölfar auglýsingar á starfi. Þetta „kunningssskapar“ fyrirkomulag á íslenskum vinnumarkaði hefur verið kallað opin vinnumarkaður, það er að auðvelt sé að ráða og reka einstaklinga og mikil hreyfing og sveigjanleiki sé á markaðnum. Þessar tölur varpa ljósi á hve lítil áhersla sé á formlegt ráðningarferli á íslenskum vinnumarkaði. Það er óhætt að fullyrða að erfitt sé að nálgast viðfangsefni rannsóknarinnar með hefðbundnum rannsóknaraðferðum.

Í íslenskum lögum er ekki kveðið sérstaklega á um bann við mismunur í ráðningarferli fyrir utan að í 65. grein stjórnarskrárinnar er almennt bann við mismunur vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Á almennum vinnumarkaði eru engar reglur um að vinnuveitendur skuli gera grein fyrir hvers vegna viðkomandi einstaklingur hefur verið ráðinn í tiltekið starf og því er nær ómögulegt að sýna fram á mismunur í ráðningarferli, nema að því sem lýtur að kynjamisrétti. Þessu er öðruvísi háttað í ráðningum í opinber störf þar sem reglur um þau kveða á um að auglýsa þurfi hvert starf, taka fram hæfniskröfur og óski umsækjandi eftir því geti hann fengið rökstuðning fyrir því hversvegna hann fékk ekki starfið.

Þegar lítið er til aðgengis fólks af erlendum uppruna að sérhæfðum störfum þá býður það kerfi sem viðgengst á Íslandi upp á mismunur. Með því er átt við að samkvæmt

frásögnum viðmælenda er mikið notast við þjónustu ráðningarskrifstofa þegar ráða á í starf sem krefst sérhæfingar. Þá er talið að í almennu ráðningarferli fari of mikið af tíma starfsfólks viðeigandi stofnunar eða fyrirtækis í sjálft ráðningarferlið og er því talið hagkvæmara að leita til ráðningarskrifstofa. Þær ráðningarskrifstofur sem haft var samband við fyrir þessa rannsókn könnuðust ekki við að margir af erlendum uppruna væru á skrá hjá þeim eða sæktu um störf sem skrifstofan auglýsti. Þar sem margir atvinnurekendur notast við þessa leið við ráðningu starfsfólks má ætla að fólk af erlendum uppruna hafi ekki sama aðgang að sérhæfðum störfum og aðrir.

Viðmælendur nefndu nokkra þætti sem gætu bent til að fólki væri mismunað eftir uppruna. Fyrst má nefna að menntun og starfsreynsla fólks af erlendum uppruna er oft ekki metin að fullu. Það sem oftast kom fram í viðtölunum var síaukin krafa um íslenskukunnáttu og héldu sumir viðmælenda því fram að það væri eini þátturinn sem kæmi í veg fyrir að fólk af erlendum uppruna fengi þau störf sem það sæktist eftir. Einnig kom fram að þetta hefði ekki átt við fyrir hrúnið 2008, þar sem allt aðrar kröfur voru viðhafðar (þ.e. að eftir hrún væru gerðar töluvert meiri, jafnvel aðrar, kröfur). Sumir viðmælendur töldu að þrátt fyrir breyttar áherslur væri vinnumarkaðurinn ennþá flokkaður eftir uppruna. Sum störf væru enn aðeins mönnuð af Íslendingum og önnur af útflendingum. Könnunin sýndi að rannsaka þarf ráðningarferli á íslenskum vinnumarkaði en án eftirlits bjóða aðstæður upp á margskonar mismunun. Þegar hreyfing á vinnumarkaði verður meiri væri áhugavert og þarf að framkvæma heildstæða aðstæðukönnun.

#### *Skemmtanalíf*

Aðstæðukönnun var gerð á aðgengi fólks af erlendum uppruna að skemmtistöðum. Hermt er að fólki af erlendum uppruna sé stundum meinaður aðgangur að skemmtistöðum. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á það hvort fótur er fyrir þessari staðhæfingu. Fyrst voru tekin viðtöl við dyraverði sem störfuðu hjá álika skemmtistöðum og þeim sem athugaðir voru. Þeir dyraverðir sem talað var við sögðust hafa fengið fyrirsmæli um að meina körlum af erlendum uppruna um aðgang. Einn sagðist hafa setið fund dyravarða þar sem skipst var á gagnlegum ráðum um hvað væri gott að segja við fólk sem þeir vildu ekki fá inn á staðinn. Viðmælendur sögðust þurfa að fara að fyrirsmælum yfirmanna um hverjum bæri að hleypa inn. Þeir gátu ekki bent á ástæður þess að tilteknum hópum væri ekki hleypt inn aðrar en þá að þeir væru hræddir um að staður sinn verði að „einhverjum Pólverjastað“ eins og einn viðmælenda komst að orði.

Þátttakendur í aðstæðukönnuninni voru sex, fjórir af erlendum uppruna með dökkt litaraf og tveir af íslenskum uppruna með ljóst litaraf. Rannsakendur gættu þess að ekki væri mikill munur á hópnum í aldri, klæðaburði og hegðun. Þátttakendur voru hvattir til að tala eigið móðurmál í röðinni hátt og skýrt svo uppruni þeirra færi ekki á milli mála. Fjórir skemmtistaðir í miðbæ Reykjavíkur voru athugaðir milli klukkan eitt og þrjú eftir miðnætti um helgi. Staðirnir voru valdir eftir ábendingum dyravarða. Niðurstaðan var sú að þáttkendum var hvergi neitað um aðgöngu eða þeir áreittir af neinu tagi.

Samkvæmt viðmælendum er algengt að körlum af erlendum uppruna sé neitað um inngöngu á skemmtistaði. Aðstæðukönnunin renndi ekki stoðum undir það en brýnt er að framkvæma hana aftur með stærra úrtaki svo unnt verði að fá marktækar niðurstöður.

#### *Aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk*

Athugað var hvernig aðgengi fólks í hjólastól er að skemmtistöðum í Reykjavík. Frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fékkst listi yfir alla skemmtistaði í miðbæ Reykjavíkur sem opnir eru eftir 01:00. Þegar búið var að taka til alla sem gætu flokkast undir klúbba eða bari kom í ljós að um 48 staði var að ræða. Gengið var á milli staða og aðgengi og aðstaða fyrir fólk í hjólastól athuguð. Ekki var unnt að meta fjóra staði vegna þess að ekki var hægt að komist inn á þá til að athuga aðstæður. Eftir voru því 44 staðir. Af þeim voru sex með viðunandi aðgengi og aðstöðu fyrir umræddan hóp.

#### **Hælisleitendur og flóttamenn á Íslandi**

Mannréttindaskrifstofan og Rauði krossinn standa saman að rannsókn á aðstæðum hælisleitenda og flóttamanna á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að skoða lagalegar og félagslegar aðstæður á Íslandi og bera saman við Evrópu, einkum hin Norðurlöndin. Nýsköpunarsjóður námsmanna veitti styrk til verkefnisins og unnu starfsmenn að gerð skýrslu um efnið. Haldið verður áfram með rannsóknina á árinu 2010.

#### **Ísland og alþjóðlegir mannréttinasáttmálar**

Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti lögfræðinema við Háskóla Íslands til að gera rannsókn hjá Mannréttindaskrifstofunni á því hvernig íslensk stjórnvöld framfylgja til-mælum alþjóðlegra eftirlitsstofnana á sviði mannréttinda. Rannsóknin stendur enn yfir en ætlunin er að gefa hana út sem hluta af ritröð skrifstofunnar árið 2010.

# ERLENT samstarf

Mannréttindaskrifstofan hefur á tímabilinu dregið nokkuð úr þátttöku sinni í alþjóðlegu mannréttindastarfi vegna kostnaðar. Skrifstofan er meðlimur í samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, samtökum mannréttindastofana í Evrópu (AHRI) og samtökum er berjast fyrir tilteknum málefnum; skrifstofan tekur þátt í bandalagi félagasamtaka er berjast fyrir viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi þar sem komið verði á kæruleið fyrir einstaklinga, skrifstofan er meðlimur í UNITED-samtökum er berjast gegn kynþáttamisrétti og skrifstofan er meðlimur í ESC-net sem vinnur að framgangi efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan aðili að FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni. Skrifstofan hefur haft formlega umsjón ýmissa verkefna sem studd eru af PROGRESS-áætlun Evrópusambandsins.

## Human Rights Education Project

Mannréttindaskrifstofan leiðir nú vinnu í alþjóðlegu fræðsluverkefni, *Human Rights Education Project* (HREP) í samstarfi við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið er m.a. styrkt af UNESCO og hollenskum stjórnvöldum. Verkefnið

samanstendur af þremur bókum og margmiðlunardiski. Fyrsti hluti verkefnisins er *Human Rights Reference Handbook*, yfirlitsverk um mannréttindahugtök, dóma og hin alþjóðlegu kerfi sem stuðla að vernd mannréttinda. Annar hluti verkefnisins er *Human Rights Instruments*, samantekt samninga, alþjóðlegra yfirlýsinga og ýmissa skjala sem við koma mannréttindum. Þriðji hluti verkefnisins *Universal and Regional Human Rights Protection; Cases and Commentaries*, inniheldur dómaútdrætti og umfjöllun um ákvarðanir Mannréttindanefndar Sp, Mannréttindadómstóls Evrópu, Ameríkudómstólsins og Afrísku mannréttindanefndarinnar. Margmiðlunardiskurinn *Human Rights Ideas, Concepts and Fora* inniheldur bækurnar þrjár auk samninga, dóma og itarefnis.

### Heimasíða HREP

Mannréttindaskrifstofan heldur úti vefsetri um mannréttindi á ensku sem byggir á efni úr *Human Rights Education Project*. Í vefsetrinu er að finna fjölbreytt efni um ýmis mannréttindamál: alþjóðlegar mannréttindastofnanir, dóma og úrskurði alþjóðlegra eftirlitsstofnana, efni um réttindi tiltekinnna hópa, efni um tengsl mannréttinda og annarra mála-flokka, o.fl.



Útsýni úr höfuðstöðvum Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna, Kosta Ríka.

## AHRI - The Association of Human Rights Institutes

Framkvæmdastjóri sótti ársfund og ráðstefnu samtakanna í september sem fram fór í Nottingham. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Partnerships and Reform for Human Rights Protection*. Ráðstefnan var fjölsótt, um 100 þátttakendur komu frá félagasamtökum, háskólasamfélaginu, alþjóðastofnunum og þjóðbundnum mannréttindastofnunum.

Þá á Mannréttindaskrifstofan aðild að COST verkefni samtakanna hjá Evrópusambandinu - IS0702, the Role of the EU in UN Human Rights Reform en fulltrúi skrifstofunnar er Guðrún D. Guðmundsdóttir. Meginviðfangsefni verkefnisins er að auka og safna þekkingu á stofnananauppbyggingu og umbótum á mannréttindakerfi Sameinuðu þjóðanna með það að markmiði að koma með tillögur til ESB um hvernig sambandið getur eflt mannréttindavernd á heimsvísu.

Aðsetur AHRI er nú hjá Norsku mannréttindastofnuninni í Osló. Formaður er Nils Butenschøn, forstöðumaður stofnunarinnar, en Guro Frostestad er framkvæmdastjóri.

AHRI-samtökin voru stofnuð á Íslandi árið 2000 og var þáverandi framkvæmdastjóri, Bjarney Friðriksdóttir, fyrsti formaður samtakanna. Í tilefni af 10 ára afmæli AHRI 2010 var ákveðið að halda ársfund og ársþing samtakanna í Reykjavík í september 2010. Mannréttindaskrifstofan og Norska mannréttindastofnunin munu standa saman að viðburðinum.

Eftirfarandi stofnanir eiga nú aðild að AHRI: Belgrade Centre for Human Rights, Serbía og Svartfjallalandi; Centre for Human Rights, Central European University, Búdapest, Ungverjalandi; Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi; Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi; Chr. Michelsen Institute, Noregi; Danska mannréttindaskrifstofan; ErikCastrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi;

European Training and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki; Þýska mannréttindastofnunin; Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi; Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Norður Írlandi; Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi; Mannréttindaskrifstofa Íslands; Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finnlandi; Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu; Institute of Human Rights, University of Latvia; Lettlandi; Institute for Minority Rights, European Academy (EURAC), Bozen, Ítalíu; Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Írlandi; Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki; Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi; Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht; Hollandi; Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi; Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Pólland; Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lundi, Svíþjóð; og Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordanstown/Magee, Bretlandi.

## Norrænt samstarf

### [Nordic Journal of Human Rights](#)

Nordic Journal of Human Rights, áður Mennesker og Rettigheter, er norrænt tímarit um mannréttindamál, gefið út í Noregi í samstarfi norrænu mannréttindastofnananna. Fræðiritið, sem Torkel Opsahl stofnaði árið 1982 er þverfaglegt; fjallað er um mannréttindamál á breiðum grunni en lögð er áhersla á hágæðafræðigreinar á ensku og Norðurlandamálum. Mannréttindaskrifstofan á fulltrúa í útgáfustjórn og ritstjórn. Ágúst Þór Árnason er fulltrúi í ritnefnd blaðsins en fulltrúi skrifstofunnar í útgáfuráði er Guðrún Dögg Guðmundsdóttir.



Hópurinn sem sótti leiðtoganámsskeið utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna um mansal. Þátttakendur komu alls staðar að m.a. frá Mexíkó, Kína, Nepal, Ghana, Litháen, Suður-Kóreu og Mósambík.

## Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum, sem áður nefndist Norræna rannsóknarnetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin, framkvæmdastjóra hjá Abo Akademi stofnuninni. Þar á að kortleggja rannsóknir sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla verður lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum. Í september 2010 mun rannsóknarnámskeið fara fram í Reykjavík í samstarfi Oslóarháskóla, Mannréttindaskrifstofunnar, Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands.

## Norrænir samráðsfundir um mannréttindamál

Mannréttindaskrifstofan tók ekki þátt í árlegum samráðsfundi norrænna stjórnvalda og mannréttindastofnana né reglulegum samráðsfundum framkvæmdastjóra norrænna mannréttindastofnana vegna sparnaðaraðgerða. Fundir eru gjarnan haldnir fyrir fundi mannréttindaráðs Sp en tilgangurinn er að stilla saman strengi fyrir ráðið. Norrænu mannréttindastofnanirnar nýta þessa fundi til að koma áherslumálum sínum á framfæri og reyna að hafa áhrif á og fræðast um stefnumið stjórnvalda í tilteknum mannréttindamálaflokkum.

## Sameinuðu þjóðirnar

### Nefnd um afnám kynþáttamisréttis

Mannréttindaskrifstofan skilaði viðbótarskýrslu vegna fyrirtöku nefndarinnar á 20. skýrslu Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis. Meðal þess sem skrifstofan vakti athygli á er að afar takmarkaðri löggjöf er til að dreifa til að berjast gegn kynþáttamisrétti og að hvergi er að finna skilgreiningu á kynþáttamisrétti í íslenskum lögum. Skrifstofan hvatti til aukinna aðgerða til að styðja konur af erlendum uppruna sem eru fórnarlömb kynbundins ofbeldis og bættrar málsmeðferðar í hælismálum en lýsti jafnframt ánægju sinni með stefnubreytingu í þá átt að veita fleiri hælisleitendum skjól á Íslandi. Skrifstofan vakti athygli á nauðsyn þess að komið verði á aðstoð og fórnarlamba- og vitnavernd fyrir fórnarlömb mansals, nauðsyn umbóta á útlendingalögum á ýmsum sviðum og þess að lögregla og starfsfólk í þjónustugeira fái þjálfun til að koma í veg fyrir mismunur á grundvelli uppruna eða kyn-

þáttar. Þá hvatti skrifstofan til þess að áfram yrði haldið úti upplýsingastarfi og ókeypis lögfræðiráðgjöf fyrir fólk af erlend- um uppruna og að komið yrði á fót þjóðbundinni mannréttindastofnun. Útdráttur úr könnun um viðhorf til mismununar var einnig send nefndinni.

Nefndin mun fjalla um Ísland og birta tilmæli sín til stjórnvalda í mars 2010.

## Evrópuráðið

### Upplýsingaskrifstofa Evrópuráðsins

Mannréttindaskrifstofa Íslands sá um árabil um að senda Upplýsingaskrifstofu Evrópuráðsins um mannréttindi yfirlit yfir löggjöf og dóma á Íslandi er snertu Mannréttindasáttmála Evrópu. Skrifstofan hefur fundað með eftirlitsnefndum stofnunarinnar, s.s. ECRI og ECPT og skipulagði fundi Mannréttindafulltrúa ráðsins með félagasamtökum árið 2005. Skrifstofan svaraði á tímabilinu margvíslegum fyrirspurnum frá skrifstofu Mannréttindafulltrúans og birti upplýsingar um starfsemi sína í upplýsingariti ráðsins um mannréttindi *Human Rights Information Bulletin*.

## Evrópusambandið

Mannréttindaskrifstofan á fulltrúa í COST-verkefninu og heldur utan um fjölda verkefna sem styrkt eru af PROGRESS-áætlun sambandsins. Sjá að ofan.

### Poverty between reality and perceptions

Fjöldi ráðstefna var haldinn á vegum ESB til undirbúnings Evrópuári gegn fátækt 2010. Ein slík var haldin í Brussel í október 2009. Á ráðstefnuna var boðið fulltrúum fjölmiðla og frjálsra félagasamtaka, þ.á.m. Mannréttindaskrifstofu Íslands. Kolbrún Birna Árdal sótti ráðstefnuna sem fjallaði um hvernig fátækt birtist í fjölmiðlum og hvernig almenningur upplifir fátækt. Ráðstefnan var fjölsótt og áhugaverð í alla staði.

## International Leadership Programme

Bandaríkjastjórn bauð framkvæmdastjóra á námskeið um mansal sem ætlað var ungum leiðtogum. Námskeiðið leiddi saman fólk sem vinnur að mansalsmálum alls staðar að úr heiminum og kynnti starf Bandaríkjanna á þessu sviði. Heimsóttar voru fjórar borgir: New Orleans, New York, Washington og Tucson þar sem sérfræðingar frá ríkisstofnunum og félagasamtökum sögðu frá starfsemi sinni. Meðal stofnana sem hópurrinn heimsótti voru fylkislögregla New York og Arizona, héraðsdómur Louisiana, mansalsdeildir

ráðuneyta, alríkislögreglan, útlendingastofnun, félagasamtök sem aðstoða fórnarlömb mansals og félagasamtök sem berjast fyrir mannlegri reisn og réttindum fólks sem kemur ólöglega til landsins. Námskeiðið var afar gagnlegt og áhugavert en Bandaríkjamenn hafa m.a. komið á sérstökum vegabréfsáritunum fyrir fórnarlömb mansals, eins konar dvalarleyfi af mannúðarástæðum, sem er til fyrirmyndar. Börn sem farið er með yfir fylkismörk skilgreinast sjálfkrafa sem fórnarlömb mansals og það var hryggilegt að heyra frá því sagt að sjaldnast líða meira en 72 stundir frá því að börn hlaupast að heiman þar til reynt er að selja þau í vændi í Bandaríkjunum. Afar áhugavert var að heyra dómara í New Orleans segja frá afleiðingum Katarínu-hvirfilbylsins og sitja dómshald þótt þar væri mjög átakanlegt að sjá 16 ára dreng dæmdan í 10 ára fangelsi, til afplánunar með fullorðnum. Heimsóknir í ríkisstofnanir í Washington voru mjög áhrifamiklar, t.d. var fundur með aðstoðarmanni formanns utanríkisráðgjafar efri deildar Bandaríkjaþings einstaklega fróðlegur vegna þekkingar hennar og fagmennsku. Sama á við um frásögn fulltrúa alríkislögreglunnar af stærsta mansalsmáli landsins þar sem mansalshringur frá Mexíkó var upprættur. Allar stofnanir sem heimsóttar voru í ferðinni voru áhuga-verðar og heimsóknirnar gagnlegar en athygli vakti hversu ríka áherslu bandarísk stjórnvöld leggja á samstarf við félagasamtök og hlutverk þeirra; íslensk stjórnvöld mættu taka sér Bandaríkjamenn til fyrirmyndar að þessu leiti. Starf félagasamtaka var til fyrirmyndar. Þau sem heimsótt voru í Tucson unnu t.d. að réttindum ólöglegra innflytjenda en afar átakanlegt var að kynna sér aðstæður þeirra þúsunda sem reyna að komast frá Mexíkó til Bandaríkjanna á hverju ári en fjölmargir ná ekki á leiðarenda vegna þess að þeir eru myrtir eða verða úti.

Það var einnig gagnlegt að kynna öðrum þátttakendum og reynslu þeirra en samstarf hófst þegar, t.d. gat framkvæmdastjóri ráðfært sig við lögreglumann frá Litháen og rætt aðstæður litháensku stúlkunnar sem reynt var að selja til Íslands. Þátttakendur komu alls staðar að, m.a. frá Háítí, Ghana, Mexíkó, Litháen, S-Kóreu, Kosta Ríka, Nepal, Kína, Tuwalu, Gvatemala, Kenýa og Mósambík. Aðstæður eru afar ólíkar í þessum löndum en alls staðar er mansal vandamál sem þrífst í skjóli misskiptingar auðs, kynjamisréttis og valdniðslu.

## Future friendly – Third generation human rights – A new generation of citizens

Mannréttindaskrifstofan er samstarfsaðili NGO-fund Bulgaria og Paideya Foundation, um verkefni sem styrkt var af þróunar-sjóði EFTA. Verkefnið miðar að því að byggja upp þekkingu á þriðju kynslóðar mannréttindum hjá ungmennum í Búlgaríu, stuðla að rannsóknum og halda ráðstefnu um þriðju kynslóðar mannréttindi og lýðræðislega þátttöku. Mannréttindaskrifstofan tók á móti sérfræðingum Bulgaria Now á sumarmánðum og hefur veitt ráðgjöf negna undirbúnings vinnustofu sem fram fer í Búlgaríu árið 2010.

## NGO-Coalition for an Optional Protocol to the ICESCR

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í starfi samtaka sem unnu að því að viðauki við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi verði samþykktur og fullgiltur. Viðaukinn snýr helst að því að koma á kæruleið fyrir þá sem telja efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi á sér brotin.



Merci frá Liberíu segir frá mansalmálum þar í landi, á námskeiði bandríska utanríkisráðuneytisins sem framkvæmdastjóri sat í nóvember.







Mannréttindaskrifstofa Íslands

Hafnarstræti 20

101 Reykjavík

Sími 5522720 Fax 5522721

[www.mannrettindi.is](http://www.mannrettindi.is)